



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Stjórn málafræðideild

BA-ritgerð

**Innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið
Áhrif hugmyndafræði á orðræðuna**

Sigrún María Einarsdóttir

Júní 2010



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Stjórn málafræðideild

BA-ritgerð

**Innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið
Áhrif hugmyndafræði á orðræðuna**

Sigrún María Einarsdóttir

Júní 2010

Leiðbeinandi: Silja Bára Ómarsdóttir

Nemandi: Sigrún María Einarsdóttir

Kennitala: 040287-2649

Útdráttur

Í ritgerðinni er innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið árið 1949 skoðuð. Hún var eitt umdeildasta mál á Íslandi á síðustu öld. Miklar deilur spruttu upp og andstæð sjónarmið tókust á. Sjónum er sérstaklega beint að hugmyndafræðinni sem var ráðandi hjá stjórnmalaflokkum, hvernig málgögn þeirra endurspegluðu þá hugmyndafræði og hvernig hún birtist í þingræðum. Fjallað er um leiðara dagblaða fyrstu þrjá mánuði ársins 1949 og gerð er grein fyrir umfangi þeirra sem fjalla um Atlantshafsbandalagið. Greint er frá umræðum á Alþingi sem fóru fram um þetta mál. Við gerð ritgerðarinnar er stuðst við fræðibækur, dagblöð og Alþingistíðindi. Helstu niðurstöður ritgerðarinnar eru þær að mjög skýra hugmyndafræði var að finna hjá stjórnmalaflokkum landsins og endurspegluðust þær í leiðurum blaðanna sem voru á þeim tíma nátengd stjórnmalaflokkum og í þingræðum. Stuðningsmenn bandalagsins töldu að með inngöngu yrðu varnir landsins tryggðar og komið yrði í veg fyrir að Sovétríkin myndu ná að tryggja áhrifasvæði sitt enn frekar. Enn fremur myndu lýðræðisríkin vinna saman og þannig hefta útbreiðslu kommúnismans. Andstæðingar bandalagsins töldu hins vegar að bandalagið snérist eingöngu um stríðsáróður og ríkisstjórn Íslands gerði hvað sem er til að þóknast Bandaríkjunum.

Efnisyfirlit

FORMÁLI	1
INNGANGUR	2
1. ÁSTANDIÐ EFTIR SEINNI HEIMSSTYRJÖLDINA.....	4
1.1 VARNARBANDALAG Í VESTUR-EVRÓPU	5
1.2 MYNDUN „STEFANÍÚ“	8
1.3 AFSTAÐA ÍSLENSKRA STJÓRN MÁLAMANNA TIL ATLANTSHAFSBANDALAGSINS	10
1.4 ÓTTINN VIÐ KOMMÚNISTA	12
2. ORÐRÆÐAN UTAN ÞINGS OG LEIÐARAR BLAÐANNA	13
2.1 LEIÐARAR MORGUNBLAÐSINS	15
2.2 LEIÐARAR VÍSIGIS	18
2.3 LEIÐARAR TÍMANS	22
2.4 LEIÐARAR ALPÝÐUBLAÐSINS	24
2.5 LEIÐARAR ÞJÓÐVILJANS.....	30
3. UMRÆÐA Á ALÞINGI	36
3.1 ÞINGRÆÐUR EINARS OLGEIRSSONAR FORMANNS SÓSÍALISTAFLOKKSINS	38
3.2 ÞINGRÆÐUR FORYSTUMANNA STJÓRNARFLOKKANNA	40
NIÐURSTÖÐUR.....	43
HEIMILDASKRÁ	45

Formáli

Þessi ritgerð er lokaverkefni mitt í BA námi mínu í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Ritgerðin er metin til 12 eininga (ECTS) af 180 eininga námi í stjórnmálafræði. Leiðbeinandi minn í ritgerðinni var Silja Bára Ómarsdóttir.

Inngangur

Skömmu eftir seinni heimsstyrjöldina tókust á tvö öfl. Annars vegar voru það Vesturveldin og hins vegar Sovétríkin. Vesturveldin hófu uppbyggingu í Vestur-Pýskalandi sem hafði farið mjög illa út úr hörmungum stríðsins. Sú uppbygging hugnaðist Sovétríkjunum ekki og lokuðu þau leiðum til Vestur-Berlínar. Vesturveldin svöruðu því með „loftbrú“ til Berlínar og þannig var hægt að sjá borginni fyrir nauðsynjum. Aukinnar spennu varð vart í heiminum og samhliða henni jókst stríðsótti. Hugmyndir um stofnun varnarbandalags komu fram. Bretar og Frakkar höfðu stofnað til varnarbandalags ásamt Benelúx-löndunum. Reynt var að fá Bandaríkin og Kanada í slíkt samstarf. Atlantshafsbandalagið var stofnað árið 1949. Nokkrum ríkjum til viðbótar var boðin aðild, til að mynda Danmörku, Íslandi og Noregi.¹

Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu var eitt stærsta pólitíska deilumálið á Íslandi á síðustu öld. Stjórnmalaflokkar, dagblöð og þingmenn höfðu mjög skiptar skoðanir á málinu. Andstæðingar bandalagsins töldu að Ísland gæti ekki sem hlutlaus þjóð, gerst aðili að Atlantshafsbandalaginu. Hugsjón landsins byggðist á vopnleysi og aðild að slíku bandalaginu myndi setja hlutleysi landsins í uppnám. Ríkisstjórn Íslands hugnaðist ágætlega sú hugmynd að gerast aðili að bandalaginu og ákvörðun Dana og Norðmanna spilaði þar inn í. Ákvörðunin um inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið var tekin þann 30. mars árið 1949. Þann dag kom á Austurvelli til áköfustu mótmæla á Íslandi á 20. öld og óeirðir brutust út sem líktust helst Gúttóslagnum árið 1932 sem hörð urðu átökin. Margir töldu, þá sérstaklega sósíalistar, að koma þyrfti í veg fyrir „landráð“.²

Í ljósi þessara miklu átaka og umræðu sem varð um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu er áhugavert að skoða orðræðuna. Helstu spurningarnar sem leitað er svara við hér, eru hvaða rök voru sett fram af hálfu stjórnmalaflokkanna og þeirra dagblaða sem gefin voru út á þessum tíma varðandi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu? Var hugmyndafræði vestræns markaðsbúskapar og áætlunarbúskapar Sovétríkjanna að takast á? Eða var það ef til vill annað sem hafði áhrif á skoðanamyndun? Var með öðrum orðum verið að spyrja hvort eðlilegt væri að Ísland skipaði sér í sveit með vestrænum lýðræðisríkjum í stað hlutleysis?

¹ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld* (Reykjavík: Sögufélag, 2003), 257-258.

² Helgi Skúli Kjartansson (2003), 258.

Fyrsti kafli ritgerðarinnar fjallar um ástandið eftir seinni heimsstyrjöldina. Þá tókust á hugmyndafræði Bandaríkjanna og Sovétríkjanna og óttinn við stríðsátök vofði yfir. Kalda stríðinu og upphafi Atlantshafsbandalagsins verða einnig gerð skil. Þá verður fjallað í stuttu máli um myndun þeirrar ríkisstjórnar sem tók ákvörðun um aðild Íslands að bandalaginu. Afstöðu íslenskra stjórnámálanna til bandalagsins verða einnig gerð skil og að lokum verður fjallað um óttann við kommúnismann sem varð vart hér á landi.

Í öðrum kafla ritgerðarinnar verður fjallað um leiðaraskrif dagblaðanna á þessum tíma. Leiðarar blaðanna fyrstu þrjú mánuði ársins 1949 sem fjölluðu um Atlantshafsbandalagið verða skoðaðir. Á þessum tíma komu út fimm dagblöð á Íslandi, Morgunblaðið, Vísir, Tíminn, Alþýðublaðið og Þjóðviljinn. Þau tengdust öll sterkum böndum við stjórnmaflokka. Fróðlegt var því að skoða hvort samhljómur var á milli leiðara blaðanna og málflutnings stjórnmaflokka.

Í þriðja og síðasta kafla ritgerðinnar er umræðunum sem fóru fram á Alþingi gerð skil. Dregin eru fram mismunandi sjónarmið þeirra sem andstæðir eru eða fylgjandi aðild að Atlantshafsbandalaginu og þess freistað að greina röksemdirnar. Fjallað er sérstaklega um þingræður Einars Olgeirssonar formanns Sósíalístaflokksins en hann leiddi umræðu stjórnarandstæðinga. Að lokum er fjallað um þingræður annarra forystumanna stjórnarflokka.

Að lokum eru settar fram niðurstöður í sérstökum kafla ritgerðarinnar. Helstu niðurstöður eru þær að í umræðunni um inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið var lögð áhersla á hugmyndafræðileg álitamál. Þá annars vegar hugmyndafræði Vesturlanda um vestrænt lýðræði og markaðsbúskap og hins vegar hugmyndafræði Sovétríkjanna og gagnrýni á þjóðskipulag Vesturlanda. Þessa hugmyndafræði mátti glögglega greina í umræðum í dagblöðum frá þessum tíma og í umræðum á Alþingi.

1. Ástandið eftir seinni heimsstyrjöldina

Á fyrri hluta 20. aldar hafði mótast ákveðin valdauppbygging í Evrópu en í kjölfar síðari heimsstyrjaldar brotnaði hún niður. Bretland og önnur stórveldi á meginlandi Evrópu voru mikið löskuð eftir hörmungar stríðsins. Seinni heimsstyrjöldin hafði kostað gríðarlegt mannfall og skilið lönd álfunnar eftir með skuldaklyfjar og veik efnahagskerfi. Hugtakið ógnarjafnvægi varð til, tvö stórveldi tókust á, Sovétríkin og Bandaríkin. Árin eftir síðari heimsstyrjöld einkenndust af hinu kalda stríði sem á milli þeirra ríkti og þar var ríkjum skipað í sveitir. Ný ógn vofði yfir heiminum með tilkomu kjarnorkusprengjunnar. Bandaríkin réðu yfir slíkri sprengju við lok seinni heimsstyrjaldar og beittu vopninu í átökum við Japani. Sovétríkin fylgdu í kjölfarið með gríðarlegri uppbyggingu kjarnorkuforðabúrs. Það skapaði það ógnarjafnvægi sem talað var um að væri til staðar í heiminum.³ Vígbúnaður og vopnakaþhlaup hafa orðið á öllum tímum í mannkynssögunni. Sérstaða Kalda stríðsins fólst hins vegar í tilveru kjarnorkuvopnanna.⁴

Því hefur verið haldið fram að Kalda stríðið hafi í raun staðið frá stofnun Sovétríkjanna. Í seinni heimsstyrjöldinni myndaðist þó bandalag milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, sem þjónaði hagsmunum beggja, en bara um stundarsakir.⁵ Þegar áhrifasvæðin í Evrópu mynduðust eftir styrjöldina má segja að hin pólitísku átök hafi tekið á sig nýja mynd. Aðal gerendurnir í þeim átökum voru Bandaríkin og Sovétríkin en þau voru studd af bandamönnum á báða bóga. Örlög í Evrópu réðust af þeim ákvörðunum sem teknar voru í höfuðborgum Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, í Moskvu og Washington.⁶

Stjórnvöld í Sovétríkjunum lögðu mikla áherslu á við lok heimsstyrjaldarinnar að auka áhrifasvæði sitt í Evrópu. Við lok styrjaldarinnar var staða ríkisins sterkari en hún hafði nokkru sinni verið í rússneska keisaradæminu. Þessi harka stjórnvalda skilaði gríðarlega sterkri stöðu í Evrópu en var þó þjóðinni mjög dýrkeypt. Fórnrir sem þjóðin færði voru jafnvel meiri en fórnrir Þjóðverja og fjórðungur fjárfestinga landsins var ónýtur vegna

³ Paul Johnson, *A History of the Modern World, from 1917 to the 1980s* (London: George Weidenfeld & Nicolson Ltd, 1983), 425-426.

⁴ Robert J. McMahon, *The Cold War, A Very Short Introduction* (New York: Oxford University Press, 2003), 76.

⁵ Paul Johnson (1983), 435.

⁶ J. M. Roberts, *History of Europe* (Bretland: Penguin, 1996), 579.

stríðsins. Sovétríkin höfðu ekki yfir kjarnorkusprengjum að ráða, en réðust í það af miklu kappi að bæta úr því þrátt fyrir bágan efnahag.⁷

Bretland og Frakkland voru mjög löskuð eftir seinni heimsstyrjöldina og Þýskalandi hafði verið skipt upp í Austur- og Vestur-Þýskaland. Framvinda mála í Evrópu réðst af miklu leyti af stefnu Bandaríkjanna. Þar í landi var lítill áhugi á að hafa herlið til lengdar í Evrópu. Winston Churchill forsætisráðherra Breta lagði þó hart að Bandaríkjastjórn í byrjun árs 1945 að efla vígbúnað sinn í Evrópu og vísaði hann til mikillar hernaðaruppbyggingar Sovétríkjanna í Evrópu. Þarna kom berlega í ljós skýr hugmyndafræðilegur munur á kapitalisma og sósíalisma í Evrópu. Ljóst var að styrkur Bandaríkjanna í Evrópu réðst ekki af herstyrk þeirra í álfunni heldur fremur af yfirburðum þeirra á efnahagssviðinu. Bandaríkin voru jafnframt á þessum tíma stærstu lánadrottinnar heimsins og því mjög áhrifamikil.⁸

1.1 Varnarbandalag í Vestur-Evrópu

Árið 1947 jókst ágreiningur og spenna á milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna. Í mars sama ár setti Harry S. Truman Bandaríkjaforseti fram svokallaða Truman-kenningu en hún snérist um að Bandaríkin kæmu að stuðningi við „frjálsar þjóðir“ í baráttu þeirra gegn uppreisnaröflum. Ástæðan fyrir þessum stuðningi var bággt ástand Bretlands. Stjórnvöld þar í landi gátu ekki lengur séð stjórnvöldum í Tyrklandi og Grikklandi fyrir fjárstuðningi en þau áttu í stríði við skæruliðahreyfingu kommúnista. Bandaríkin sáu því stjórnvöldum í þessum löndum fyrir hernaðar- og efnahagsstuðningi til að berjast gegn áhrifum kommúnista. Heimsveldi Bretlands hafði laskast mjög en að sama skapi voru Bandaríkin að auka umsvif sín í alþjóðastjórnsmálum. Með aðstoð Bandaríkjastjórnar við stjórnvöld í Grikklandi og Tyrklandi var þess freistað að koma í veg fyrir aukin áhrif kommúnista í Austurlöndum nær, en þar mátti finna helstu olíulindir heimsins. Bandaríkjastjórn óttaðist að ef kommúnistar færu með sigur af hólmi í Grikklandi gæti það haft áhrif víða. Þá sérstaklega í Frakklandi og Ítalíu þar sem kommúnistaflokkar voru nokkuð sterkir.⁹

Samskipti Sovétríkjanna og Bandaríkjanna versnuðu enn þegar leið á árið 1947 og togstreitan milli landa jókst. Viðræður Frakklands, Bandaríkjanna, Bretlands og

⁷ J. M. Roberts (1996), 582-583.

⁸ Paul Johnson (1983), 434-435. J. M. Roberts (1996), 582-583.

⁹ Valur Ingimundarson, *Í eldlínu kalda stríðsins, samskipti Íslands og Bandaríkjanna 1945-1960* (Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1996), 81-82.

Sovétríkjanna um Þýskaland runnu út í sandinn. Sovétríkin settu fram kröfu um að fá stríðsskaðabætur af iðnaðarframleiðslu Þjóðverja sem Vesturveldin vildu ekki samþykkja. Staða Þýskalands var mjög veik og Bandaríkjamenn og Bretar óttuðust að það ástand gæti leitt til þess að pólitísk upplausn myndi skapast. Jarðvegur gæti því myndast sem myndi auðvelda kommúnistum að ná völdum.¹⁰ Pólitísk upplausn í Evrópu vegna hins bága efnahags í álfunni var forystumönnum Bandaríkjanna og Bretlands mikið áhyggjuefni. Óttuðust þeir að kommúnistar í Evrópulöndum með liðstyrk Sovétríkjanna kynnu að nýta sér þetta ástand. Var sá ótti í raun meiri en óttinn við hernaðarmátt Sovétríkjanna. Þetta varð orsök Marshallaðstoðarinnar, 13 milljarðar bandaríkjadala sem Bandaríkjamenn veittu bandamönnum sínum í Evrópu, þar með talið Íslandi árið 1947.¹¹ Í kjölfar þess jókst stuðningur stjórnmalaleiðtoga í Evrópu við að auka tengsl við Bandaríkin því þannig væri ef til vill hægt að byggja upp álfuna með betri og skilvirkari hætti. Bandaríkin bjuggu yfir efnahagslegum yfirburðum og höfðu gríðarleg áhrif á stjórnmal í heiminum í krafti þess gátu þau stutt Evrópu í sinni uppbyggingu. Stjórnvöld í Evrópu sem og vestan hafs óttuðust aukin áhrif Sovétríkjanna. Óttinn kom ekki aðeins frá hægri væng stjórnmalanna því jafnaðarmenn lýstu yfir miklum áhyggjum vegna áhrifa Sovétríkjanna. Sem dæmi má nefna að Ernest Bevin, leiðtogi breska Verkamannaflokksins og Alcide De Gasperi, formaður kristilegra demókrata á Ítalíu höfðu áhyggjur af útbreiðslu kommúnismans. Þrátt fyrir áhuga ýmissa stjórnmalaleiðtoga í Evrópu á samstarfi við Bandaríkin þá voru ákveðnir fyrirvarar settir á það samstarf. Ekki kom til greina að fylgja bandarískum kapítalisma í einu og öllu. Evrópskir mið- og hægriflokkar ákváðu að styðja uppbyggingu velferðarkerfis í álfunni.¹²

Kalda stríðið snérist að miklu leyti um hugmyndafræðileg átök. Þar var tekist á um hugtök á borð við frelsi, réttlæti og einstaklingshyggju. En auk þess var um að ræða gríðarlegt vopnavald þar sem andstæð öfl tókust á.¹³ Undir forystu Stalíns gerðu sovésk stjórnvöld sitt besta til þess að ná fram auknum áhrifum hvar sem því var viðkomið. Þó beittu þau ekki fullu afli alls staðar, svo sem í Finnlandi og Austurríki.¹⁴ Hernaðarleg

¹⁰ Valur Ingimundarson (1996), 82.

¹¹ Robert J. McMahon (2003), 27.

¹² Valur Ingimundarson (1996), 82-83.

¹³ J. M. Roberts (1996), 588.

¹⁴ Robert J. McMahon (2003), 26-27.

uppbygging þeirra hélt á hinn bóginn áfram. Litið var á ýmis pólitísk öfl á Vesturlöndum sem handbendi Sovétríkjanna og að þau væru að reyna að grafa undan lýðræðisríkjunum innan frá. Þegar slík ógn væri til staðar væri aðeins eitt til ráða. Koma þyrfti á fót sameiginlegu varnarbandalagi lýðræðisþjóða í Evrópu með þátttöku Bandaríkjanna og Kanada. Sovétríkin höfðu árið 1947 stofnað til Kominform, sem hafði það að markmiði að vinna gegn „bandarískri heimsvaldastefnu og var hugsað sem eins konar mótvægi við Marshallaðstoðina.¹⁵ Í framhaldinu hertu Sovétríkin tök sín á Austur-Evrópu. Sú þróun hélt áfram og 14. maí 1955 var Varsjárbandalagið formlega stofnað, en það var frekar lauslega tengt bandalagi Sovétríkjanna og ríkja Austur-Evrópu.¹⁶

Jafnaðarmaðurinn Ernest Bevin utanríkisráðherra Bretlands hefur verið nefndur höfundur Atlantshafsbandalagsins. Hann lagði mikið á sig til að afla hugmyndinni um varnarbandalag fylgi. Óttinn við kommúnisma magnaðist í Evrópu og í Bandaríkjunum eftir valdatöku kommúnista í Tékkóslóvakíu árið 1948. Taldar voru líkur á að kommúnistar í öðrum Evrópulöndum myndu reyna það sama og kommúnistar í Tékkóslóvakíu gerðu. Bevin taldi að besta leiðin til að tryggja lýðræðið í sessi væri að stofna hernaðarbandalag sem næði um allt Norður-Atlantshafssvæðið. Ekki voru allir ráðamenn í Washington sammála um hver aðkoma Bandaríkjanna ætti að vera. Að mati Bevins þyrfti að tryggja þátttöku Bandaríkjanna, Kanada, Bretlands, Frakklands, Íslands, Írlands, Noregs og Danmerkur. Þetta var í fyrsta sinn sem nafn Íslands er nefnt í tengslum við sameiginlegar varnir Bandaríkjanna og Vestur-Evrópu. Mikilvægt var að Bandaríkin tækju þátt í þessu samstarfi því án þeirra gátu Evrópuríkin ekki varist Sovétríkjunum.¹⁷

Stjórnvöld í Belgíu, Frakklandi, Lúxemborg, Hollandi og Bretlandi komu saman í byrjun mars árið 1948 til að ræða stofnun sameiginlegs varnarbandalags. Viðræðunum lauk með yfirlýsingu sem ríkin undirrituðu og fól í sér vilja til uppbyggingar á sameiginlegu varnarkerfi og til að styrkja efnahagslega og menningarlega hagsmuni ríkjanna.¹⁸ Athyglisvert var að það voru ekki síður jafnaðarmenn en stjórnámálamenn hægra megin við miðju sem stóðu að uppbyggingu Atlantshafsbandalagsins. Sú von að vinstri menn í Evrópu

¹⁵ Public Diplomacy Division, NATO, *Nato Handbook* (Brussel: NATO, 2006), 16-17. Nato information service, *The North Atlantic Treaty Organisation* (Brussel: NATO, 1984), 16-19.

¹⁶ Robert J. McMahon (2003), 61.

¹⁷ Valur Ingimundarson (1996), 90-92.

¹⁸ Public Diplomacy Division, NATO (2006), 17. Nato information service (1984), 19-20.

hefðu gagnkvæman skilning á sjónarmiðum hvors annars varð að engu.¹⁹ Á Íslandi átti það sama við, jafnaðarmenn studdu aðild Íslands að bandalaginu líkt og hægri menn eins og fram kemur síðar í ritgerðinni.

1.2 Myndun „Stefaníu“

Samsteypustjórn Sjálfstæðisflokks, Sósíalistaflokks og Alþýðuflokks, svokölluð Nýsköpunarstjórn, var mynduð árið 1944. Þarna settust saman í stjórn fulltrúar mjög ólíkra pólitískra sjónarmiða. Innan þessara flokka voru öfl sem mjög voru andsnúin þessu samstarfi og studdu nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins það ekki.²⁰ Í byrjun janúar 1947 var ljóst að Nýsköpunarstjórnin myndi ekki starfa lengur. Samstarf þessara flokka hafði þó gengið betur en margir höfðu þorað að vona. Fylkingar innan Sjálfstæðisflokks og sósíalista voru mótfallnar því að halda þessu samstarfi áfram. Ólafur Thors, formaður Sjálfstæðisflokksins, barðist á hinn bóginn mjög fyrir áframhaldandi samstarfi þegar fór að hrikta í stoðum þess en ekki var hljómgrunnur fyrir því. Sveinn Björnsson forseti Íslands fól þá formanni Alþýðuflokksins Stefáni Jóhanni Stefánssyni umboð til þess að mynda nýja stjórn. Stefán Jóhann vildi í fyrstu mynda einskonar þjóðstjórn, ríkisstjórn fjögurra flokka, Alþýðuflokks, Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Sósíalistaflokks. Sósíalistar neituðu á hinn bóginn að starfa með Stefáni Jóhanni en hann var mjög andsnúinn stefnu kommúnista og sósíalista. Stefán Jóhann taldi því farsælast að reyna myndun ríkisstjórnar Alþýðuflokks, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Þetta fyrirkomulag naut stuðnings bandarískra sendiráðsmanna á Íslandi. Ólafí Thors leist illa á að útlendir menn væru að skipta sér af innanríkismálum á Íslandi. Hann taldi sjálfan sig vita hvað væri Íslandi fyrir bestu.²¹

Framsóknarflokkurinn, sem ekki átti aðild að nýsköpunarstjórninni, vildi halda öllum möguleikum opnum. Hermann Jónasson kaus helst að mynda vinstri stjórn Framsóknarflokks og Alþýðuflokks með stuðningi eða þátttöku Sósíalistaflokksins. Leiðtogum innan Alþýðuflokksins leist ekki vel á þá hugmynd, því þeir töldu slíkt treysta stöðu Sósíalistaflokksins. Menn úr hægri armi Framsóknarflokksins voru mótfallnir samvinnu við Sósíalistaflokkinn og börðust gegn tilraunum Hermanns að sveigja flokkinn

¹⁹ J. M. Roberts (1996), 586.

²⁰ Helgi Skúli Kjartansson (2003), 250.

²¹ Valur Ingimundarson (1996), 78-79.

til vinstri. Eysteinn Jónsson beitti sér fyrir því að Framsóknarflokkurinn gekk til viðræðna við Sjálfstæðisflokkinn og Alþýðuflokkinn í janúar árið 1947. Eysteinn taldi þó útilokað að fara í stjórn undir forsæti Ólafs Thors vegna eiðrofsmálsins svokallaða, deilumáls á milli Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, þó sérstaklega milli Ólafs Thors og Hermanns Jónassonar árið 1942.²²

Stjórnarmyndun gekk ekki sem skyldi en þó hélt Stefán Jóhann umboði sínu. Í byrjun febrúar 1947 var loks „Stefanía,“ samsteypustjórn Alþýðuflokks, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks mynduð. Þessi ríkisstjórn Stefáns Jóhanns er líklega fyrsta ríkisstjórn sem hefur verið mynduð með höfuðáherslu á utanríkismál eftir lýðveldisstofnun. Verkefni ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar sem mynduð var árið 1974 lutu þó einnig mjög að utanríkismálum þó á öðrum forsendum, snérist um fiskveiðilögsöguna og öryggismál auk glímunnar við verðbólguna. Það sem veikti stjórn Stefáns Jóhanns mjög frá upphafi var að hvorki Ólafur Thors né Hermann Jónasson, formenn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks voru tilbúnir til að taka sæti í stjórninni. Ólafur Thors studdi þó stjórnina í öllum málum sem snéru að utanríkismálum en setti fyrirvara á stuðning sinn við innanríkismál stjórnarinnar. Bjarni Benediktsson varð utanríkis- og dómsmálaráðherra fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins, framsóknarmaðurinn Eysteinn Jónsson fór með menntamál og Stefán Jóhann varð forsætisráðherra. Að auku voru þrír aðrir ráðherrar í þessari stjórn, einn frá hverjum flokki. Innan Sjálfstæðisflokksins ríkti talsverð óánægja með þessa stjórn og Bjarni Benediktsson vildi í fyrstu ekki taka sæti í henni. Einnig var ágreiningur innan Framsóknarflokksins. Hermann Jónasson og hans menn voru stjórninni mótfallnir. Stefán Jóhann gat nokkuð vel við unað með stuðning sinna flokksmanna. Þó greiddu Gylfi Þ. Gíslason og Hannibal Valdimarsson reyndar atkvæði gegn stjórnarmynduninni en sögðu þó ætla að verja hana vantrausti. Sveinn Björnsson forseti var ánægður með niðurstöðuna, þá sérstaklega þar sem sósíalistar voru ekki lengur við völd.²³

Ríkisstjórnin tók við á erfiðum tímum í íslensku samfélagi. Góðærið sem hafði ríkt eftir seinni heimsstyrjöld var liðið og mikið haftatímabil var tekið við. Efnahagsstaða landsins

²² Valur Ingimundarson (1996), 79-80. Helgi Skúli Kjartansson (2003), 237.

²³ Valur Ingimundarson (1996), 80-81. Matthías Johannessen, *Ólafur Thors, ævi og störf*, bindi II (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1981), 79-80.

var slæm og verðbólgan jókst. Höftin sem gripið var til í kjölfarið fóru illa í Ólaf Thors og fleiri sjálfstæðismenn. Stefán Jóhann mat það svo að ríkisfjármálin stæðu það illa að inngríp ríkisins til dæmis með höftum væri það besta í stöðunni.²⁴

Bjarni Benediktsson sagði að þó Sjálfstæðisflokkurinn styddi ríkisstjórnina þá væri það ekki gert með mikilli hrifningu. Bjarni gegndi lykilhlutverki í ríkisstjórn „Stefaníu“ þar sem hann var dóms- og utanríkisráðherra. Embætti utanríkisráðherra varð einkar þýðingarmikið, vegna þeirra stóru utanríkispólítísku álitamála sem ríkisstjórnin þurfti að takast á við. Samstarf þeirra Ólafs og Bjarna hélst þó áfram gott þrátt fyrir að Ólafur ætti ekki sæti í stjórninni. Ólafur hafði til að mynda áhyggjur af því að Bjarni yrði fyrir persónulegu ofbeldi vegna aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu.²⁵

1.3 Afstaða íslenskra stjórnámálanna til Atlantshafsbandalagsins

Eftir að fréttir bárust af hugsanlegri stofnun varnarbandalags og valdaráninu í Tékkóslóvakíu fóru íslenskir stjórnámálamenn að velta upp möguleikum Íslands í varnarsamstarfi. Stefán Jóhann ákvað að bera málið upp á fundi með forsætisráðherrum Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar. Þessi fundur var haldinn í febrúar árið 1948 og eftir fundinn sagði Stefán Jóhann að Íslendingar ættu ef til vill samleið með Vestur-Evrópuríkjum í varnarbandalagi en hefðu ekki gert upp hug sinn. Stefán Jóhann lagði mikla áherslu að efla samvinnu milli Norðurlandanna. Hann fylgdist vel með afstöðu Norðurlandanna til stofnunar varnarbandalags. Bæði Stefán Jóhann og Bjarni Benediktsson urðu fyrir miklum áhrifum af stjórnámálhugmyndum á Norðurlöndunum.²⁶

Stefán Jóhann hafði ekki mikla trú á sérstöku varnarbandalagi Norðurlandanna óháð vestur-evrópsku varnarbandalagi. Í slíku bandalagi yrði Ísland einangrað en aldrei kom til álita að Ísland ætti aðild að þess konar samstarfi. Ráðamenn hér á Íslandi sem og annars staðar gerðu sér fulla grein fyrir mikilvægi Bandaríkjanna í fyrirhuguðu varnarbandalagi Vestur-Evrópu og Vestur-Evrópa þyrfti því að treysta á þátttöku Bandaríkjanna í þessu samstarfi.²⁷

²⁴Matthías Johannessen (1981), 80. Ingólfur Margeirsson, „Stefán Jóhann Stefánsson,“ *Forsætisráðherrar Íslands: Ráðherrar Íslands og forsætisráðherrar í 100 ár*, ritstj. Ólafur Teitur Guðnason (Akureyri: Bókaútgáfan Hólar, 2004), 256-257.

²⁵ Matthías Johannessen (1981), 79.

²⁶ Valur Ingimundarson (1996), 95 og 98-100.

²⁷ Valur Ingimundarson (1996), 101.

Þó ráðherrar í ríkisstjórninni hefðu áhuga á að ganga í Atlantshafsbandalagið vildu þeir vita meira um þær skyldur sem fylgdu aðildinni. Stjórnarflokkarnir voru ekki samstiga í málinu og höfðu framsóknarmenn mun meiri efasemdir um aðild en sjálfstæðismenn og alþýðuflokksmenn. Eysteinn Jónsson ráðherra Framsóknarflokksins í ríkisstjórninni hafði áhyggjur af því að hernaðarumsvif Bandaríkjanna á Íslandi gætu gert það að verkum að hættan á árás á Ísland yrði meiri en ella. Hermann Jónasson hafði enn meiri efasemdir um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Hann vildi ekki tengja Ísland við Bandaríkin né Vestur-Evrópu í varnarmálum landsins. Einnig voru skiptar skoðanir um varnarmál Íslendinga innan Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks. Vinstri menn í Alþýðuflokknum voru mjög andvígir erlendum her hér á landi og eins voru einhverjir sjálfstæðismenn sömu skoðunar.²⁸

Bjarni Benediktsson, Eysteinn Jónsson og Emil Jónsson héldu til Bandaríkjanna í mars 1949 þar sem rætt var um mögulega aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Dvöldu þremmingarnir í Bandaríkjunum í rúma viku. Þeir lögðu áherslu á að hinar aðildarþjóðirnar myndu viðurkenna sérstöðu Íslands sem vopnlaus þjóð. Bandaríkin vildu ekki fæla Íslendinga frá bandalaginu og Bandaríkjastjórn fullyrti að tekið yrði tillit til afstöðu Íslendinga um að hafa ekki her í landinu á friðartímum. Eftir viðræður töldu ráðherrarnir þrír að hagsmunum Íslands væri betur borgið innan bandalagsins en utan þess. Þann 17. mars var Íslandi formlega boðið að gerast stofnaðili að Atlantshafsbandalaginu. Þeir báru þetta upp við ríkisstjórnina og ítrekuðu þá skoðun sína að Ísland væri varnarlaust land en hefði þó mikið hernaðargildi. Með því að ganga í Atlantshafsbandalagið væri verið að bæta öryggi Íslands til muna. Tillaga um þátttöku Íslands að Atlantshafsbandalaginu var lögð fyrir Alþingi þann 28. mars. Í ljós kom að ekki studdu allir innan stjórnarflokkanna þessa tillögu. Gylfi Þ. Gíslason og Hannibal Valdimarsson úr Alþýðuflokki og Páll Zóphoníasson úr Framsóknarflokki greiddu atkvæði gegn samningnum sem og allir tíu þingmenn Sósíalistaflokksins. Tveir stjórnarþingmenn sátu hjá við atkvæðagreiðsluna þeir Hermann Jónasson og Skúli Guðmundsson báðir úr Framsóknarflokki. Tillagan um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu var samþykkt á Alþingi þann 30. mars 1949 með 37 atkvæðum gegn 13 en tveir þingmenn sátu hjá. Mikil uppþot áttu sér stað á Austurvelli þegar tillagan var samþykkt. Að lokum þurfti að beita táragsi til að dreifa mannfjöldanum

²⁸ Valur Ingimundarson (1996), 121-122.

sem safnast hafði saman til að mótmæla. Athyglisvert er að benda á þá staðreynd að Ísland var eina landið þar sem upp komu átök vegna aðildar að Atlantshafsbandalaginu. Hér á landi kom upp mesta ofbeldið þrátt fyrir að íslensk stjórnvöld hafi gert fyrirvara um vopnleysi í sínum viðræðum.²⁹

Bjarni Benediktsson fór til Washington sama dag og þingsályktunartillagan um inngöngu Íslands í bandalagið var samþykkt, þar sem hann skrifaði undir sáttmálann. Þetta var gert til að sýna sósíalistum að frekari óeirðir væru gagnslausar. Bjarni Benediktsson tók til máls við undirskrift sáttmálans og þar undirstrikaði hann að Íslendingar væru vopnlaus þjóð og gætu því aldrei sagt annarri þjóð stríð á hendur.³⁰

1.4 Óttinn við kommúnista

Atburðir sem áttu sér stað í fyrrum Tékkóslóvakíu í febrúar og mars árið 1948 undirstrikuðu mjög pólitískar andstæður hér á landi. Atburðirnir höfðu jafnframt áhrif á skoðanir ýmissa ráðamanna á Íslandi til utanríkis- og öryggismála. Umfjöllun í blöðum um það sem átti sér stað í Tékkóslóvakíu var mismunandi eftir því hvaða fjölmiðill fjallaði um málið. Morgunblaðið, Tíminn, Alþýðublaðið og Vísir greindu frá valdaráni í skugga rússnesks hervalds. Þar hefðu fjöldahandtökur átt sér stað og ofsóknir gagnvart stjórnarandstöðunni verið stundaðar. Þjóðviljinn taldi hins vegar að Tékkóslóvakía hefði orðið sósíalískt alþýðulýðveldi á þingræðislegan hátt.³¹ Mikil hræðsla greip um sig í Vestur-Evrópu eftir valdatöku kommúnista í Tékkóslóvakíu. Rétt eins og í löndum Evrópu óttuðust ráðamenn á Íslandi valdarán kommúnista. Íslenskir stjórnámálamenn trúðu því jafnvel að kommúnistar hér á landi myndu grípa til ofbeldis líkt og gerst hafði í Tékkóslóvakíu. Grunsemdir vöknudu um starfsemi Sósíalistaflokksins. Innan Sósíalistaflokksins ríkti mikil aðdáun á Stalín, svo jaðraði við persónudýrkun. Margir aðrir forystumenn kommúnistaflokka í Evrópu nutu líka mikils álits flokksfélaganna á Íslandi. Alþýðuflokksmaðurinn Gylfi Þ. Gíslason tilheyrði vinstri armi flokksins og studdi ekki myndun „Stefaníu“, en lýsti þó andúð sinni á stefnu kommúnista. Hann lét þau orð falla á fundi Stúdentafélags Reykjavíkur að: „Það sem kommúnistar hafa gert í Tékkóslóvakíu, það geta kommúnistar gert á Íslandi.“ Ljóst er því að óttinn við kommúnismann var ekki

²⁹ Valur Ingimundarson (1996), 131-138.

³⁰ Valur Ingimundarson (1996), 138-139.

³¹ Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949* (Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur, 1976), 30.

eingöngu bundinn við stjórnarliða og stuðningsmenn þeirra. Engar vísbendingar eru þó um að íslenskir sósíalistar hafi verið í byltingarhugleiðingum á þessum tíma. Ýmsir íslenskir ráðamenn höfðu þó af því áhyggjur. Stefán Jóhann taldi að kommúnistar gætu hrifsað til sín völdin á Íslandi auðveldlega og stjórnvöld væru ekki í stakk búin til að koma í veg fyrir það. Ráðamenn hér á landi sem og í fleiri löndum Evrópu reyndu að draga úr áhrifum sósíalista. Ótti íslenskra ráðamanna við hernaðarmátt Sovétríkjanna var þó meiri en ótti þeirra við íslenska sósíalista.³² Stefán Jóhann, Bjarni Benediktsson og Emil Jónsson sögðu að valdarán kommúnista í Tékkóslóvakíu hefði þjappað lýðræðissinum saman og ýtt undir stofnun Atlantshafsbandalagsins.³³ Atburðirnir í Tékkóslóvakíu skerptu bersýnilega hinar pólitísku átakalínur hér á landi. Aukinn kvíði og tortryggni við áform íslenskra sósíalista jókst í kjölfar þeirra. Einnig var efast um hollustu þeirra til þjóðarinnar og neikvæð afstaða Sósíalistaflokksins til Marshall-aðstoðarinnar og málflutningur Þjóðviljans um atburðina í Tékkóslóvakíu jók bilið á milli höfuðandstæðnanna í íslensku samfélagi.³⁴ Þá óttuðust margir að íslenskir sósíalistar myndu standa fyrir ofbeldi líkt og hafði gerst í Austur Evrópu. Ráðamenn vildu því kanna hver yrðu viðbrögð Bandaríkjamanna ef til valdaráns kæmi.³⁵ Andúð Stefáns Jóhanns forsætisráðherra á kommúnismanum var mikil. Hann trúði á jafnaðarstefnuna og sneri baki við byltingarkenndum hugmyndum kommúnista. Hann var einnig mjög á móti hugmyndum kommúnismans um einræði verkalýðsins eða eins flokks.³⁶

2. Orðræðan utan þings og leiðarar blaðanna

Á þeim tíma er umræðan fór fram um inngöngu Íslands að Atlantshafsbandalaginu voru all flest íslensk blöð málöggn fyrir ákveðna pólitíska stefnu. Þau tengdust þá fremur ákveðnum forystumönnum í stjórn málaflökkum eða þingmannahópum en tilteknum stjórn málaflökkum. Eftir að Sjálfstæðisflokkurinn var stofnaður árið 1929 varð Morgunblaðið málagn flokksins. Vísir var einnig tengdur Sjálfstæðisflokknum eftir að Frjálslyndi flokkurinn sem blaðið hafði stutt, kom að myndun Sjálfstæðisflokksins. Aðalmálagn Framsóknarflokksins var vikublaðið Tíminn. Frá árinu 1938 var blaðið gefið

³² Valur Ingimundarson (1996), 95-98.

³³ Matthías Johannessen (1981), 86.

³⁴ Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson (1976), 31.


³⁵ Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson (1976), 35.

³⁶ Ingólfur Margeirsson (2004), 248-249.

oftar út til þess að ná til fleira fólks, þá sérstaklega í Reykjavík. Alþýðuflokkurinn stofnaði Alþýðublaðið og var það því nátengt flokknum frá upphafi. Þjóðviljinn var fyrst um sinn tengdur Kommúnistaflokknum en við stofnun Sósíalístaflokksins árið 1938 varð blaðið mál gagn hans. Deilur spruttu ítrekað upp á milli blaðanna sem voru á markaði. Ritdeilur komu gjarnan upp, þá sérstaklega um umdeild pólitísk mál. Þegar flokkakerfið fór að myndast urðu tengsl flokkanna og ákveðinna blaða æ skýrari. Hin pólitíska umræða átti sér stað að miklu leyti á síðum blaðanna. Blöðin voru skrifuð fyrir stuðningsmenn ákveðinna flokka.³⁷

Hér að neðan má sjá stöplarit þar sem má sjá fjölda leiðara sem dagblöð á Íslandi birtu um Atlantshafsbandalagið árið 1949. Þrjú mánuðir eru til umfjöllunar, það eru janúar, febrúar og mars. Á þessum tíma komu blöðin út sex sinnum í viku. Tíminn, Morgunblaðið, Alþýðublaðið og Þjóðviljinn komu út alla daga nema mánudaga en Vísir kom út alla daga nema sunnudaga.

Tafla 1



³⁷ Helgi Skúli Kjartansson (2003), 161-163.

2.1 Leiðarar Morgunblaðsins

Ef leiðarar Morgunblaðsins frá 1. janúar 1949 til 31. mars 1949 eru skoðaðir kemur margt athyglisvert í ljós. Leiðurum sem fjalla á beinan hátt um Atlantshafsbandalagið fjölgar eftir því sem líður að aðild Íslands að bandalaginu. Í janúarmánuði eru leiðarar sem snúast um Atlantshafsbandalagið einungis tveir. Þeim fjölgar nokkuð í febrúar og eru þá orðnir sjö. En í marsmánuði þegar Ísland gengur í Atlantshafsbandalagið eru leiðarar sem fjalla um bandalagið 1, eða nær helmingur allra leiðara þann mánuðinn. Hafa ber í huga að blaðið kemur út alla daga vikunnar fyrir utan mánudaga. Þessa þrjá mánuði eru einnig allmargir leiðarar til viðbótar sem snúast um utanríkismál, öryggi landsins og stefnu kommúnista í þessum málum sem tengist væntanlegri inngöngu Íslands að Atlantshafsbandalaginu.

Leiðarahöfundar Morgunblaðsins eru mjög hlyntir aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Í flestum leiðurum blaðsins sem snúast um bandalagið sést glögg sýn hugmyndafræði sem bjó að baki stuðningi við aðild. Í leiðara frá 5. janúar 1949 er ritað:

Allir, sem gert hafa sér grein fyrir meginrás heimsviðburðanna á síðastliðnu ári, vita á því glögg skil, hver er aðdragandinn að stofnun hins væntanlega varnarbandalags. Að forráðamenn hinna vestrænu lýðræðisríkja hafa, á síðastliðnu ári, komist að þeirri niðurstöðu, að helsta, líklegasta, ef ekki beinlínis einasta leiðin, til þess að forða heiminum frá ómælanlegu böli nýrrar styrjaldar, er það, að hver sá árársaðili, sem hyggst að beita vopnavaldi, gegn hinum vestrænu ríkjum, sjái það, og skilji í tíma, að lýðfrjálsar þjóðir vestan Járntjalds verða ekki gleypar í einum munnbita, kostnaðar og fyrirhafnarlítið, eins og þau ríki í austanverðri Evrópu, sem hvert af öðru hafa „hrokkið ofan í“ hina kommúnistisku einræðishít.³⁸

Í þessari umfjöllun kemur vel í ljós sá ótti sem var til staðar í vestrænum ríkjum við mátt Sovétríkjanna. Atburðir sem höfðu átt sér stað í austanverðri álfunni höfðu sett mark sitt á íbúa í Vestur-Evrópu. Margir óttuðust að Sovétríkin myndu ná að styrkja áhrifasvæði sitt enn frekar. Þessi leiðaraumfjöllun sýnir glögg að margir trúðu því að samvinna á sviði varnarmála myndi ná að forða heiminum frá nýju stríði. Hörmungar seinni heimsstyrjaldar sátu greinilega enn í fólki og fæstir vildu upplifa slíkar hamfarir aftur.

Í leiðara tveimur dögum síðar fjallar leiðarahöfundur Morgunblaðsins aftur um Atlantshafsbandalagið. Þar er sérstaklega vikið að málstað kommúnista. Höfundur telur að alls staðar reyni þeir að verja gjörðir sínar með svipuðum hætti og segja þær vera gerðar vegna föðurlandsástar. Leiðarahöfundur vísar í máli sínu einnig að málflutningi íslenskra kommúnista þá sérstaklega eins og hann birtist í Þjóðviljanum. Höfundur telur að stefna

³⁸ „Leiðari“ *Morgunblaðið*, 5. janúar 1949, 8.

þeirra á Íslandi snúist ekki um íslenska hagsmuni sama hvað íslenskir kommúnistar reyni að halda fram.³⁹ Í leiðaranum segir:

Hinni íslensku kommúnistadeild er að sjálfsögðu fyrst og fremst ætlað að koma í veg fyrir, að íslenska þjóðin segi sig í flokk með hinum frelsisunnandi lýðræðisþjóðum, er vilja í lengstu lög, að spornað verði gegn því að villimennska kommúnismans flæði yfir alla Evrópu.⁴⁰

Hér má greinilega merkja skýra hugmyndafræðilega hugsun. Annars vegar er kommúnistum stillt upp sem öflum er berjast gegn því að Ísland skipi sér í sveit lýðræðisríkja. Hins vegar er það rökstutt sem fyrr að samstarf lýðræðisþjóðanna geti heft frekari útbreiðslu kommúnista í Evrópu.

Í febrúar jókst umfjöllun Morgunblaðsins um væntanlega aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Leiðarahöfundar Morgunblaðsins fjölluðu til að mynda um að Norðurlandþjóðirnar hefðu misst trúna á því að hlutleysisstefnan veitti þeim skjól. Þessum þjóðum væri nú ljóst að nauðsynlegt væri að leita nýrra leiða til að tryggja öryggi sitt.⁴¹ Einnig kom fram í leiðurum Morgunblaðsins í febrúar að stefna Norðmanna í öryggismálum skipti mestu máli hér á landi. Íslendingar skildu vel tilraunir Norðmanna til að tryggja sjálfstæði sitt og öryggi. Noregur væri að glíma við stefnu kommúnista líkt og Ísland þyrfti að gera. Kommúnistar í Noregi vilji ekki að Noregur tryggi öryggi sitt og kjósi að landið sé óvarið líkt og þegar Hitler réðst þar inn í síðari heimsstyrjöldinni. Íslenskir kommúnistar hafi sömu stefnu og kommúnistar í Noregi, þeir vilji að Ísland sé óvarið, einangrað og óviðbúið.⁴² Ljóst var að íslenska ríkisstjórnin leit mikið til Dana og Norðmanna þegar ákvörðunin var tekin um að ganga í Atlantshafsbandalagið.⁴³ Þann 3. febrúar 1949 fjallar leiðarahöfundur Morgunblaðsins nokkuð ítarlega um afstöðu Norðmanna til Atlantshafsbandalagsins. Þar segir að afstaða Íslands og Noregs sé nokkuð svipuð á margan hátt. Hvorug þjóðin styðji bandalag sem felur í sér heimsyfirráðastefnu. Löndin vilji heldur ekki taka þátt í árásum á önnur ríki. En löndin vilji hinsvegar bæði tryggja sig og vernda öryggi borgara landanna gegn árásum annarra ríkja.⁴⁴ Í leiðaranum segir einnig:

³⁹ „Leiðari“ *Morgunblaðið*, 7 janúar 1949, 6.

⁴⁰ „Leiðari“ *Morgunblaðið*, 7 janúar 1949, 6.

⁴¹ „Leiðari“ *Morgunblaðið*, 1. febrúar 1949, 8.

⁴² „Leiðari“ *Morgunblaðið*, 22. febrúar 1940, 8.

⁴³ Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson (1976), 74.

⁴⁴ „Leiðari“ *Morgunblaðið*, 3. febrúar 1949, 6.

Svar hinnar norsku ríkisstjórnar sýnir það glögglega, hvað það er raunverulega, sem fyrir öllum þjóðum vakir, sem rætt hafa um stofnun eða þátttöku í varnarbandalagi lýðræðisþjóðanna. Það er fyrst og fremst að skapa sjálfum sér aukið öryggi. Engin þessara þjóða hefur árás á aðrar þjóðir í hyggju. Þær vilji hinsvegar ekki bíða þess aðgerðarlausar að á þær verði ráðist og þær rændar frelsi og mannréttindum.⁴⁵

Umfjöllunarefni leiðara Morgunblaðsins 19. febrúar snýr að þeirri spurningu hvort Íslendingar séu einir þjóða að ræða um öryggismál. Síðar eru viðhorf Hollands, Lúxemborgar, Belgíu, Bretlands og Frakklands viðruð. Leiðarahöfundur kemst að því að þessar þjóðir sjái ekki sameiginlegt varnarbandalag sem árásarbandalag. Bandalagið eigi ekki að snúast um árás.⁴⁶ Höfundur telur að kjarninn sé sá að:

Frelsi og menning þjóðanna er í hættu, alveg eins og hún var í hættu haustið 1939, þegar Hitler atti herjum sínum og vígvélum á saklaust fólk. Vald óttans við styrjaldir ríkir á ný. Hinn nýi fasismi, ógnarstjórn Moskvuvaldsins, vofir yfir frelsi og öryggi þjóðanna.⁴⁷

Í þeim ofangreindu stuttu brotum úr leiðurum Morgunblaðsins í janúar og febrúar árið 1949 birtist skýrt sá ótti sem margir höfðu af kommúnismanum og stjórnvöldum í Moskvu. Leiðarahöfundur Morgunblaðsins sem og margir fleiri töldu löndum heimsins best borgið með því að koma á fót sérstöku varnarbandalagi. Til þess að vernda sitt eigið öryggi en ekki til að ráðast á önnur ríki. Kostirnir sem Íslendingar standa frammi fyrir eru að mati Morgunblaðsins tveir. Sameiginleg varðstaða vestrænna lýðræðisþjóða um þjóðskipulag sitt eða „ógnarstjórn Moskvuvaldsins“.

Í mars fjölgar leiðurum Morgunblaðsins sem fjalla um Atlantshafsbandalagið nokkuð mikið enda styttist í inngöngu Íslands í bandalagið. Í skrifum blaðsins voru sósíalistar og Þjóðviljamenn jafnan nefndir kommúnistar. Stefna þeirra í þessum málum er leiðarahöfundur Morgunblaðsins hugleikin sem og samningsmarkmið landsins. Gert er frekar lítið úr þeim málflutningi kommúnista að sjálfstæði Íslendinga muni minnka við inngöngu. Í Morgunblaðinu er því þvert á móti haldið fram að sjálfstæði Íslendinga muni styrkjast við inngöngu sem og öryggi landsins.⁴⁸ Þessi stefna blaðsins er síðan undirstrikuð enn frekar í leiðara 20. mars 1949. Þar segir að í ljós hafi komið að allt sem kommúnistar hafi haldið fram um aðild landsins að bandalaginu sé hreinn og klár uppspuni.⁴⁹ Í leiðara

⁴⁵ „Leiðari“ *Morgunblaðið*, 3. febrúar 1949, 6.

⁴⁶ „Leiðari“ *Morgunblaðið*, 19. febrúar 1949, 8.

⁴⁷ „Leiðari“ *Morgunblaðið*, 19. febrúar 1949, 8.

⁴⁸ „Leiðari“ *Morgunblaðið*, 12. mars 1949, 8.

⁴⁹ „Leiðari“ *Morgunblaðið*, 20. mars 1949, 8.

Morgunblaðsins 13. mars 1949 kemur þó fram að mikilvægt sé að Íslendingar tryggi að sérstaða landsins fái að njóta sín þrátt fyrir aðildina að bandalaginu. Íslendingar séu fámenn og vopnlaus þjóð og því verði að taka tillit til þess í væntanlegum aðildarviðræðum.⁵⁰ Í leiðara blaðsins þann 19. mars 1949 er fjallað um sameiginlega yfirlýsingu utanríkisráðherra Íslands og utanríkisráðherra Bandaríkjanna eftir för ráðamanna til Bandaríkjanna til að ræða um aðild landsins að Atlantshafsbandalaginu. Þar kemur fram að Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra Íslands hefði skýrt frá þeim vilja Íslendinga að vera þess fullvissir að aðild að bandalaginu muni ekki hafa í för með sér hersetu á landinu á friðartímum né almenna herskyldu.⁵¹

Síðustu sjö leiðarar Morgunblaðsins í mars árið 1949 fjalla allir um kommúnista og viðbrögð þeirra við aðildarumsókn að Atlantshafsbandalaginu. Mikið er fjallað um ofbeldishótanir kommúnista hér á landi.⁵² Í raun er því haldið fram að stefna kommúnista sé ekkert annað en ofbeldisstefna.⁵³ Í leiðara Morgunblaðsins þann 26. mars árið 1949 er fullyrt að kommúnistar hyggist gera aðför að Alþingi til að koma í veg fyrir inngöngu Íslands í bandalagið. Framgöngu íslenskra kommúnista er líkt við aðferðir kommúnista í öðrum Evrópulöndum. Talað er um frelsisrán kommúnista og kúgunaraðferðir þeirra.⁵⁴ Heiftin og andúðin gagnvart kommúnistum nær svo ákveðnu hámarki þegar Alþingi samþykkir aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu þann 30. mars árið 1949. Óttinn í garð Rússlands kemur einnig skýrt fram. Í Morgunblaðinu daginn eftir ákvörðun Alþingis segir:

Atburðirnir, sem gerðust við Alþingishúsið og Austurvöll í gær sýna að kommúnistum er full alvara þegar þeir hóta að drepa samborgara sína. Árás hins tryllta kommúnistaskríls á fundarstað löggjafarsamkomunnar og friðsama borgara, sem þar höfðu safnast saman sýna að íslenskir kommúnistar ætla ekki að bíða með illvirki sín þangað til að rússneskur her kemur þeim til aðstoðar.⁵⁵

2.2 Leiðarar Vísis

Þegar leiðarar dagblaðsins Vísis eru skoðaðir kemur í ljós að umfjöllun þess blaðs er nokkuð minni en umfjöllun annarra dagblaða að Tímanum undanskildum. Í janúar eru

⁵⁰ „Leiðari“ *Morgunblaðið*, 13. mars 1949, 6.

⁵¹ „Leiðari“ *Morgunblaðið*, 19. mars 1949, 8.

⁵² „Leiðari“ *Morgunblaðið*, 23. mars 1949, 8. „Leiðari“ *Morgunblaðið*, 24. mars 1949, 6. „Leiðari“ *Morgunblaðið*, 26. mars 1949, 8. „Leiðari“ *Morgunblaðið*, 27. mars 1949, 8. „Leiðari“ *Morgunblaðið*, 29. mars 1949, 8. „Leiðari“ *Morgunblaðið*, 30. mars 1949, 8. „Leiðari“ *Morgunblaðið*, 31. mars 1949, 6.

⁵³ „Leiðari“ *Morgunblaðið*, 27. mars 1949, 8.

⁵⁴ „Leiðari“ *Morgunblaðið*, 26. mars 1949, 8.

⁵⁵ „Leiðari“ *Morgunblaðið*, 31. mars 1949, 6.

leiðarar um Atlantshafsbandalagið aðeins þrjár. Þeim fjölgað nokkuð næsta mánuð á eftir og eru þá orðnir fimm. Í mars fjölgað þeim enn frekar og eru þá alls tíu talsins.

Fyrsti leiðari Vísis um Atlantshafsbandalagið árið 1949 birtist ekki fyrr en 19. janúar. Í byrjun janúar var þó fjallað um Stúdentafélagsfundinn sem haldinn var nokkru fyrr og fyrr var nefndur. Þar var ályktað um utanríkis- og varnarmál Íslendinga en aldrei var minnst á Atlantshafsbandalagið berum orðum í þessum leiðara. Þannig birtist fyrsti leiðari blaðsins um varnarbandalagið ekki fyrr en 19. janúar eins og áður sagði. Þar er fjallað um væntanlegt Atlantshafsbandalag og tekið er fram að mögulegt sé að Íslandi, öðrum Norðurlöndum og Portúgal, verði meðal annars boðin þátttaka í bandalaginu. Ítrekað er að enginn samningur liggja enn fyrir. Leiðarahöfundar telja mikilvægt að ef Íslandi verði boðin þátttaka verði farið vel yfir öll réttindi og skyldur sem slík þátttaka hefði í för með sér. Fullyrt er að mikill meirihluti íslensku þjóðarinnar sé fylgjandi því að tekin verði upp aukin samvinna við vestrænar þjóðir. Höfundar gera sér þó grein fyrir að skiptar skoðanir séu um málið. Sagt er að kommúnistar muni reyna allt hvað þeir geta til að koma í veg fyrir aukna samvinnu við lýðræðisþjóðir og fleiri styðja þá skoðun meðal annars áhrifamenn úr Alþýðuflokkki og Framsóknarflokkki og utanflokkamenn. Þessi „ósamstæðu öfl“, eins og það er orðað í leiðaranum, munu beita áróðri í sínum málflutningi í nafni sjálfstæðisbaráttu. Leiðarahöfundur telur að í sjálfu sér sé þjóðernisbarátta af hinu góða en í þessu tilviki sé hún spillt og öfugsnúin.⁵⁶ Í næsta leiðara er það talið líklegt að „áróðursmenn“ muni hafa áhrif á þingstörfin þennan vetur og þá aðallega vegna umræðu um mögulega inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið.⁵⁷ Í síðasta leiðara janúarmánaðar er fjallað um afstöðu Norðurlandanna til varnarbandalagsins. Leiðarahöfundur Vísis lítur svo á að Norðurlöndin þurfi á aðstoð að halda frá vestrænum þjóðum til að hervæðast frekar.⁵⁸

Ljóst er að leiðarahöfundar Vísis eru fylgjandi því að Ísland verði stofnaðili að Atlantshafsbandlaginu en umfjöllun blaðsins er hófstíllt. Fullyrt er að meirihluti þjóðarinnar sé einnig fylgjandi aukinni samvinnu við vestrænar þjóðir. Höfundar virðast þó óttast aðgerðir kommúnista eins og bæði Morgunblaðið og Alþýðublaðið gerðu. Talið er öruggt að áróðri verði beitt gegn aðild að bandalaginu. Líklegt má telja að leiðarahöfundar hafi viljað upplýsa sinn lesendahóp um það til að hann myndi sjá í gegnum þann áróður.

⁵⁶ „Leiðari“ *Vísir*, 19. janúar 1949, 4.

⁵⁷ „Leiðari“ *Vísir*, 22. janúar 1949, 4.

⁵⁸ „Leiðari“ *Vísir*, 14. janúar 1949, 4.

Í febrúar eykst umfjöllun Vísis um Atlantshafsbandalagið. Í fyrstu þremur leiðurum þess mánaðar um Atlantshafsbandalagið er fjallað um málefni Norðurlandanna og sjónum beint að Noregi. Leiðarahöfundar telja afstöðu Norðmanna til bandalagsins geta haft mikil áhrif á stöðu mála á Íslandi. Leiðarahöfundum verður einnig tíðrætt um Sovétríkin og afskiptasemi þeirra af utanríkisstefnu Noregs.⁵⁹ Jafnframt er talið að Noregur geti orðið öðrum löndum gott fordæmi. Þar hafi verið ákveðið að landinu væri betur borgið ef samvinna yrði meiri við vestrænar þjóðir.⁶⁰ Kommúnistar á Norðurlöndunum eru tilefni leiðaraskrifa í Vísí. Í leiðara er fullyrt að allir kommúnistar á Norðurlöndunum séu að starfa eftir skipunum frá Ráðstjórnarríkjunum um að berjast á móti Atlantshafsbandalaginu sem og Marshall-aðstoðinni. Í Ráðstjórnarríkjunum er staðhæft að verið sé að vinna gegn friðarstarfi kommúnista og nota eigi Norðurlöndin sem herbækistöðvar til að auðvelda árás á Ráðstjórnarríkin. Gegn þessu þurfi kommúnistar að berjast. Sagt er að áróður kommúnista á Norðurlöndunum sé í meginatriðum eins þar sem þeir lúti allir sömu stjórn.⁶¹

Leiðarahöfundar á Vísí eru mjög uppteknir af þróun mála á Norðurlöndum, þá sérstaklega í Noregi. Ljóst var að margir litu mjög til þeirrar afstöðu sem Noregur tók. Afstaða þeirra hefur líklega ráðið töluverðu um þá afstöðu sem var að lokum niðurstaða um hér á landi. Einhverjir höfðu gælt við þá hugmynd að stofnað yrði varnarbandalag Norðurlandanna en eftir að Noregur ákvað að ganga til liðs við Atlantshafsbandalagið varð ljóst að ekkert yrði úr því varnarbandalagi. Andstaðan við framgöngu kommúnista heldur einnig áfram á síðum Vísis. Leiðarahöfundar Vísis fullyrða að öllum kommúnistum á Norðurlöndunum sé í raun stjórnað beint frá Sovétríkjunum og hafi því ekki myndað sér sjálfstæða skoðun á því sem er að gerast í viðkomandi löndum. Athyglisvert er að benda á það að allir leiðarar Vísis í febrúar sem fjölluðu um Atlantshafsbandalagið snérust um Norðurlöndin og þá sérstaklega Noreg.

Sem fyrr líta leiðarahöfundar Vísis til afstöðu Norðurlandanna. Í leiðara frá því í mars árið 1949 er bæði Danmörku og Noregi hrósað fyrir að hafa tekið afstöðu og þorað að gerast aðilar að bandalaginu áður en sáttmáli liggi fyrir. Í leiðaranum segir jafnframt: „Við Íslendingar dröttumst vafalaust á eftir, í stað þess að taka þegar í upphafi ákveðna afstöðu og fylkja okkur í sveit lýðræðisþjóða, sem við getum borið fullt traust til í einu og öllu.“

⁵⁹ „Leiðari“ *Vísir*, 1. febrúar 1949, 4. „Leiðari“ *Vísir*, 7. febrúar 1949, 4. „Leiðari“ *Vísir*, 9. febrúar 1949, 4.

⁶⁰ „Leiðari“ *Vísir*, 21. febrúar 1949, 4.

⁶¹ „Leiðari“ *Vísir*, 17. febrúar 1949, 4.

Fjallað er um áróður íslenskra kommúnista gegn samningnum. Sagt er að þeir hafi orðið þjóð sinni til skammar með fáránlegum samþykktum. Leiðarahöfundur telur að sáttmálinn gefi ekki tilefni til fjandsamlegs áróðurs gegn lýðræðisþjóðum eins og þeir telja að kommúnistar stundi.⁶²

Umfjöllun leiðarahöfunda Vísis um afstöðu kommúnista til Atlantshafsbandalagsins heldur áfram. Á einum stað er sagt:

Kommúnistar hafa látið ófriðlega að undanfögnu og haft í beinum hótunum við ríkisvaldið, ef til þess skyldi koma að Alþingi og ríkisstjórn kysu að þjóðin skipaði sér í flokk vestrænna lýðræðisþjóða. Þeir hafa heldur ekki sparað blekkingarnar og lygaáróður vegna sáttmálans, sem þeir telja að stefnt sé gegn Ráðstjórnarríkjunum og tefli friðnum í heiminum í voða, þótt sáttmálinn miði fyrst og fremst að öryggi lýðræðisþjóðanna gegn ágengni einræðisríkja og útpenslustefnu þeirra.⁶³

Þegar líður á umræðuna, harðnar afstaða blaðsins og leiðarahöfundar Vísis verða all stórorðir þegar þeir fjalla um meintar aðferðir sem kommúnistar hafa beitt gegn varnarsamningnum. Þeir segja kommúnista hafa stundað blekkingar og lygaáróður til þess að koma málefnum sínum á framfæri. Í leiðaranum segir jafnframt að sáttmálanum sé beint gegn einræðisríkjum sem með stefnu hyggist auka umsvif sín í heiminum. Þarna má greina óttann sem sást í fleiri dagblöðum á þessum tíma. Óttinn við aukna útpenslu Sovétríkjanna var til staðar og andstæðingum kommúnismans var mjög mikið í mun að stöðva hana. Í leiðaraskrifum Vísis má sjá skýrt þau andstæðu öfl sem tókust á, á þessum tíma. Annars vegar Ráðstjórnarríkin og hins vegar Vesturlönd sem Vísismenn kalla lýðræðisþjóðirnar. Leiðarahöfundur Vísis vill að stjórnvöld á Íslandi séu eindregnari í afstöðu sinni til Atlantshafsbandalagsins og dáðist að Noregi og Danmörku fyrir að ákveða að ganga í bandalagið áður en endanlegur samningur lá fyrir.

Leiðarahöfundur Vísis telur einnig að sú barátta sem íslenskir kommúnistar heyja gegn samningnum um Atlantshafsbandalagið sé vonlaus. Áhersla þeirra á að hótta ofbeldi gegn Alþingi og ríkisstjórn muni gera það að verkum að þeir grafi sína eigin gröf. Því öllum hugsandi mönnum, eins og það er orðað, blöskrar þessi málflutningur.⁶⁴

Sýn dagblaðsins Vísis á Atlantshafsbandalagið er hugmyndafræðilega mjög skýr. Í einum leiðara er eftirfarandi ritað: „Aðild Atlantshafssáttmálans gefur það eitt til kynna, hvort þjóðirnar kjósa frekar að vinna með lýðræðisríkjunum eða hinum, sem lúta ráðstjórn.

⁶² „Leiðari“ *Vísir*, 11. mars 1949, 6.

⁶³ „Leiðari“ *Vísir*, 14. mars 1949, 4.

⁶⁴ „Leiðari“ *Vísir*, 25. mars 1949, 6.

Lega landsins, trú, siðgæði og menning er öll vestræn.⁶⁵ Þarna má enn og aftur greina svipaða sýn á Atlantshafsbandalagið og sást í leiðaraskrifum Morgunblaðsins og Alþýðublaðsins. Litið var á að valkostirnir væru eingöngu tveir, annars vegar að vera í hópi lýðræðisríkja eða snúa sér að hópi þeirra ríkja sem bjuggu við ráðstjórn.

Daginn sem Alþingi samþykkir samninginn um Atlantshafsbandalagið fjallar leiðari Vísis um hótanir kommúnista um aðgerðir gegn mögulegum samningi. Leiðarahöfundar telja að þó að ríkisstjórn og þingið njóti misjafnra vinsælda þá sé ekkert sem réttlæti ofbeldi gagnvart ríkisvaldinu og það geti stefnt sjálfstæði þjóðarinnar í hættu.⁶⁶ Síðasti leiðari marsmánaðar fjallar um óeirðirnar sem urðu á Austurvelli eftir að samningurinn um Atlantshafsbandalagið var samþykktur og eru aðgerðir kommúnista gagnrýndar harðlega. Vísir telur að með inngöngu í bandalagið sé Ísland komið í hóp lýðræðisþjóða sem muni hefja baráttu gegn einræðis- og byltingarflokkum.⁶⁷

2.3 Leiðarar Tímans

Þegar leiðarar Tímans frá byrjun árs 1949 eru skoðaðir kemur í ljós að áhersla blaðsins á væntanlega inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið er mun minni en hinna dagblaðanna. Í janúar fjallar til að mynda enginn leiðari beint um varnarbandalagið. Blaðið fjallar um önnur mál sem líklega hafa staðið lesendum Tímans nær, svo sem stöðu kaupfélaganna, fólksflutninga úr sveitum landsins og innflutning á díselrafstöðvum. Í næsta mánuði á eftir er aðeins einn leiðari sem fjallar beint um bandalagið. Þann mánuð er annar leiðari til viðbótar sem fjallar um öryggismál Norðmanna og hvernig þeir leiti að samstarfi í þeim efnum, en aldrei er minnst beint á Atlantshafsbandalagið. Í mars fjölgar leiðurum um þetta viðfangsefni og eru þeir alls sex sem fjalla um bandalagið.

Fyrsti leiðari Tímans um Atlantshafsbandalagið árið 1949 birtist þann 23. febrúar. Þar er fjallað um afstöðu Norðmanna til bandalagsins og möguleg áhrif Rússa á niðurstöðu Norðmanna. Í leiðaranum segir að Norðmenn hafi komist að niðurstöðu og þeir hafi ákveðið að ganga í bandalagið og vera þannig í hópi lýðræðisþjóða. Tíminn segir að Íslendingar horfi mikið til Norðurlandanna varðandi væntanlega aðild að

⁶⁵ „Leiðari“ *Vísir*, 29. mars 1949, 6.

⁶⁶ „Leiðari“ *Vísir*, 30. mars 1949, 4.

⁶⁷ „Leiðari“ *Vísir*, 31. mars 1949, 4.

Atlantshafsbandalaginu. Þó verði Íslendingar að taka ákvörðun út frá þeim þáttum sem snerta þjóðina og megi því ekki stjórnast um of af ákvörðunum annarra landa.⁶⁸

Í mars segir í leiðara Tímans frá för íslenskra ráðamanna til Washington og viðbrögðum íslenskra kommúnista við þeirri för. Eftirfarandi er ritað: „Kommúnistar hafa hér sömu afstöðuna og í öðrum löndum Vestur-Evrópu þar sem þeir mega ekki heyra neina samvinnu lýðræðisþjóðanna eða öryggisráðstafanir þeirra nefndar, án þess að verða eins og naut í flagi.“ Samkvæmt skrifum Tímans er íslenska þjóðin á öðru máli, hún vill aukna samvinnu við lýðræðisþjóðir og auka þannig friðinn í heiminum.⁶⁹ Daginn eftir snýst leiðari Tímans aftur um kommúnista. Sagt er að íslenskir kommúnistar séu órólegir vegna þess að stjórnvöld hafi vinsamleg samskipti við Bandaríkin. Vegna þeirrar togstreitu sem ríki milli Bandaríkjanna og Rússa líti kommúnistar á það sem fjandskap við sig. Kommúnistar um allan heim reyni að hindra samvinnu lýðræðisþjóða. Rússum þyki það hagkvæmt ef lýðræðisþjóðirnar séu tvístraðar.⁷⁰

Í leiðara Tímans frá 26. mars er fjallað um framgöngu Framsóknarflokksins varðandi öryggismál landsins. Segir þar að flokkurinn hafi fyrstur markað þá stefnu að hafa ætti samkomulag við vestrænar þjóðir um öryggismál landsins. Þetta hafi verið gert á aðalfundi miðstjórnar flokksins árið 1946. Er ljóst að blaðið telur þetta Framsóknarflokki til tekna. Flokkurinn telur jafnframt að hagsmunum Íslands sé betur borgið innan Atlantshafsbandalagsins en utan þess. Þannig sé hægt að verjast óeðlilegri íhlutun þá sérstaklega vegna vaxandi yfirgangs Rússa.⁷¹

Síðustu tvo daga marsmánaðar fjalla leiðarar Tímans um baráttu kommúnista gegn Atlantshafsbandalaginu og telja leiðarahöfundar að kommúnistar ættu frekar að beina kröftum sínum að öðrum málum. Í seinni leiðaranum er velt upp þeim möguleika hvort hefði átt að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Blaðið taldi ekki tilefni til þess að beita þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál og komu aldrei slíkar tillögur fram á vettvangi Framsóknarflokksins.⁷²

⁶⁸ „Leiðari“ *Tíminn*, 23. febrúar 1949, 5.

⁶⁹ „Leiðari“ *Tíminn*, 15. mars 1949, 5.

⁷⁰ „Leiðari“ *Tíminn*, 16. mars 1949, 5.

⁷¹ „Leiðari“ *Tíminn*, 26. mars 1949, 5.

⁷² „Leiðari“ *Tíminn*, 30. mars 1949, 5. „Leiðari“ *Tíminn*, 31. mars 1949, 5.

Tíminn var mál gagn Framsóknarflokksins. En þrátt fyrir að flokkurinn ætti sæti í ríkisstjórn þá hefur blaðinu ekki þótt ástæða til að leggja allt of mikla áherslu á umfjöllun um Atlantshafsbandalagið. Framsóknarflokkurinn var á þessum tíma mjög sterkur í dreifbýli og þá sérstaklega á meðal bænda. Leiða má að því líkur að stjórnendur Tímans hafa með þessu viljað höfða til þess lesendahóps sem blaðið hafði. Lesendur Tímans hefur ef til vill ekki haft eins mikinn áhuga á varnar- og öryggismálum og til dæmis lesendur Þjóðviljans eða Alþýðublaðsins. En í þeim leiðurum Tímans sem fjölluðu um varnarbandalagið gat að líta nokkuð svipaða sýn og í skrifum Morgunblaðsins, Alþýðublaðsins og Vísis. Litið var á kommúnista og Sovétríkin sem höfuðandstæðinginn. Til að koma á friði í heiminum þyrfti að stöðva ágang Sovétríkjanna og litið var á Atlantshafsbandalagið sem heppilega stofnun til þess. Íslendingar ættu einnig að líta til Norðmanna þegar ákvörðun um aðild að bandalaginu yrði tekin. Leiðarahöfundar Tímans telja að hagsmunum Íslendinga sé betur borgið innan Atlantshafsbandalagsins en utan þess.

2.4 Leiðarar Alþýðublaðsins

Alþýðublaðið sem var mál gagn Alþýðuflokksins fjallaði ekki síður mikið um inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið en Morgunblaðið og Þjóðviljinn. Í janúar fjölluðu alls níu leiðarar um Atlantshafsbandalagið. Í febrúar fjölga leiðurunum og eru þeir þá þrettán talsins, nær helmingi fleiri en leiðarar Morgunblaðsins og Þjóðviljans sama mánuð. Í mars má segja að það verði ákveðin sprengja í fjölda leiðara um varnarbandalagið því Alþýðublaðið fjallar þá sautján sinnum um bandalagið, oftar en nokkuð annað dagblað á Íslandi. Þann mánuð kom blaðið 27 sinnum út og því voru aðeins tíu leiðarar sem fjölluðu ekki um varnarbandalagið. Athyglisvert er hve Alþýðublaðið er umsvifamikið í skrifum um þetta mál. Ef til vill er skýringin sú að forsætisráðherra ríkisstjórnarinnar á þessum tíma er Stefán Jóhann Stefánsson, formaður Alþýðuflokksins.

Í fyrsta leiðara blaðsins um Atlantshafsbandalagið árið 1949 er fjallað um fund Stúdentafélags Reykjavíkur. Þar var rædd væntanleg stofnun varnarbandalags. Leiðarahöfundur blaðsins telur það fljótræði að hefja umræðu um afstöðu Íslands til bandalagsins því Íslendingum hafi þá ekki verið boðin aðild að bandalaginu. Bíða eigi því með umræðuna þar til ljóst verði hvort Íslandi verði boðin aðild að bandalaginu. Jafnframt telur leiðarahöfundur að þeir sem stóðu að þessum fundi hafi stjórnast af pólitískum áróðri og viljað gera afstöðu Íslands að hávaðamáli, eins og það er orðað. Hagsmunir Íslands hafi

ekki verið hafðir að leiðarljósi. Fjallað er um það í leiðaranum að kommúnistar hafi verið þarna fjölmennir og það fullyrnt að þeir hafi haft mikil áhrif á það hver niðurstaða fundarins varð.⁷³

Afstaða Norðurlandanna til Atlantshafsbandalagsins er leiðarahöfundum Alþýðublaðsins hugleikin um miðbik janúarmánaðar. Leiðarahöfundur telur að tilraunir til að stofna til norrænnar samvinnu á sviði varnarmála hafi runnið út í sandinn. Einnig er efast um að Norðurlöndin nái sátt og verði sammála um aðild að Atlantshafsbandalaginu.⁷⁴ Það kom líka á daginn því hvorki Finnar né Svíar gerðust aðilar að Atlantshafsbandalaginu.⁷⁵ Ljóst er að leiðarahöfundar Alþýðublaðsins eru ekki sammála sósíalistum um afstöðu Íslands til Atlantshafsbandalagsins. Blaðið telur að fullyrðingar kommúnista um bandalagið séu mjög vafasamar. Til að mynda staðhæfingar um að hér á Íslandi verði herskylda, herstöðvar verði hér á landi á friðartímum og aðild Íslands að bandalaginu muni fela í sér stríðsyfirlýsingu við Sovétríkin. Leiðarahöfundur Alþýðublaðsins telur að kommúnistar hafi ekkert hugsað um þá vá sem steðji að heiminum og það öryggi sem varnarbandalag gæti veitt Íslandi.⁷⁶ Í blaðinu segir:

Fyrir kommúnista er það líka vitanlega algert aukaatriði. Þeirra takmark með þessum leik er hvorki það, að við varðveitum gamalt hlutleysi né nýfengið sjálfstæði landsins, heldur hitt, að það verði einangrað, varnarlaust og opið fyrir rússneskri árás, ef til ófriðar kemur, eins og Noregur fyrir innrás Þjóðverja fyrir níu árum!⁷⁷

Í þessum leiðurum kemur skýrt fram sá ótti sem ákveðinn hópur fólks hafði gegn Rússlandi. Þetta svipar til þeirra sjónarmiða sem sáust á síðum Morgunblaðsins á þessum tíma. Leiðarahöfundar Alþýðublaðsins sem og stuðningsmenn Alþýðuflokksins virðast því hafa talið að með inngöngu Íslands í varnarbandalagið væri Ísland mun öruggara en áður. Ef ekki yrði gengið í bandalagið væri hætt á að landið yrði einangrað, varnarlaust og jafnframt ef til vill líklegra að verða fyrir rússneskri árás. Þá finnst leiðarahöfundum að gagnrýnin á Atlantshafsbandalagið sé einungis borin uppi af áróðri og hagsmunir Íslands séu ekki í fyrirrúmi.

⁷³ „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 6. janúar 1949, 4.

⁷⁴ „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 12. janúar 1949, 4.

⁷⁵ Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson (1976), 76.

⁷⁶ „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 15. janúar 1949, 4.

⁷⁷ „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 15. janúar 1949, 4.

Í næstu leiðurum blaðsins um Atlantshafsbandalagið er enn fjallað um afstöðu kommúnista til bandalagsins. Leiðarahöfundur telur að hið væntanlega bandalag muni þjóna mikilvægum tilgangi. Því ef ríki í Evrópu hafi hug á því að vera frjáls áfram sé nauðsynlegt að stofna slíkt varnarbandalag til að verjast ágangi Rússa. Ef það verði ekki gert er hætt á að kommúnistar nái völdum í fleiri Evrópulöndum eins og gerðist í Tékkóslóvakíu og Póllandi. Slík varnarsamtök muni stuðla að auknum friði í álfunni.⁷⁸ Leiðarahöfundur *Alþýðublaðsins* gefur ekki mikið fyrir skoðanir Þjóðviljans um að væntanlegt varnarbandalag muni auðvelda Bandaríkjunum að kúga Ísland. Í leiðaranum er þetta orðað svo: „Þetta er aðeins ein spegilmynd af hinni hjákátlegu afstöðu íslenskra kommúnista til hins fyrirhugaða Norður-Atlantshafsbandalags.“ Leiðarahöfundur *Alþýðublaðsins* telja jafnframt að íslenskir kommúnistar séu algjörlega undir hælnum á Rússum.⁷⁹ Síðustu þrjár leiðarar blaðsins í janúar um Atlantshafsbandalagið fjalla einnig um kommúnista á Íslandi og afstöðu þeirra til hugsanlegs varnarbandalags. Til að mynda er fjallað um áróður kommúnista á Íslandi, umfjöllun Þjóðviljans um varnarbandalagið og notkun kommúnista á hugtakinu málfrelsi.⁸⁰

Í febrúar eykst umfjöllun *Alþýðublaðsins* um Atlantshafsbandalagið. Í fyrsta leiðaranum um málið þann mánuð er aftur fjallað um Norðurlöndin og þá aðallega Svíþjóð, Noreg og Danmörku og þá hættu sem þessi lönd telja að steðji af kommúnisma og rússneskri árás. Velt er upp þeim möguleikum sem þessi lönd hafi til að verja sig. Þá aðallega hvort löndin gangi í Atlantshafsbandalagið eða hvort stofnað verði norrænt bandalag, sem leiðarahöfundur telur þó ólíklegt.⁸¹ Greinilegt er að afstaða Norðurlandanna, þá sérstaklega Noregs, var leiðarahöfundum *Alþýðublaðsins* hugleikin því sjö leiðarar til viðbótar í febrúar fjölluðu um Norðurlöndin og þá aðallega Noreg og afstöðu þarlandra stjórnvalda. Talað er um að Íslendingar geti tekið Norðmenn sér til fyrirmyndar í málefnum sem snúa að varnarbandalaginu.⁸² Stefán Jóhann Stéfánsson er sammála því. Þetta byggði

⁷⁸ „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 19. janúar 1949, 4.

⁷⁹ „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 21. janúar 1949, 4.

⁸⁰ „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 22. janúar 1949, 4. „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 27. janúar 1949, 4. „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 29. janúar 1949, 4.

⁸¹ „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 2. febrúar 1949, 4.

⁸² „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 8. febrúar 1949, 4. „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 11. febrúar 1949, 4. „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 12. febrúar 1949, 4. „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 15. febrúar 1949, 4. „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 17. febrúar 1949, 4. „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 19. febrúar 1949, 4. „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 22. febrúar 1949, 4. „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 24. febrúar 1949, 4.

hann á því að löndin ættu það sameiginlegt að vilja tryggja öryggi sitt með því að stuðla að samvinnu innan Atlantshafsbandalagsins. En Noregur setti ýmis skilyrði fyrir inngöngu sinni sem Íslands þyrfti að líta til. Til að mynda að veita ekki erlendum her bækistöð hér á landi á friðartíma eða taka upp herskyldu. Að mati Stefáns Jóhanns þyrftu Íslendingar að skoða málið vel líkt og Norðmenn hafi gert.⁸³

Gagnrýni Alþýðublaðsins á aðferðir kommúnista heldur áfram í leiðurum blaðsins. Blaðið gagnrýnir sérstaklega umfjöllun kommúnista og Þjóðvarnarfélagsins um Atlantshafsbandalagið. Leiðarahöfundar segja það ótímabært að ræða þetta mál áður en samningur liggur fyrir og Íslendingar viti hvað það feli í sér að vera aðili að bandalaginu. Fyrr sé ekki mögulegt að taka rökstudda ákvörðun. Fullyrt er í leiðara að kommúnistar og þjóðvarnarmenn hafi gert bandalagið eins tortryggilegt og mögulegt var og fullyrt ýmislegt sem ekki var fótur fyrir. Til að mynda að aðild að bandalaginu fylgdi erlend herseta hér á landi á friðartímum sem og erlendar herstöðvar.⁸⁴

Í leiðara Alþýðublaðsins undir lok febrúarmánaðar er fjallað um það andvaraleysi sem Evrópuþjóðirnar gerðust sekar um í seinni heimsstyrjöldinni. Yfirgangur nasista í Þýskalandi var ekki stöðvaður og því var stríðinu ekki afstýrt. Alþýðublaðið segir að þetta sé þörf áminning fyrir Vestur-Evrópuþjóðirnar og Bandaríkin að bregðast strax við yfirgangi Sovétríkjanna. Alþýðublaðið fullyrðir að miklar vonir séu því bundar við væntanlegt Atlantshafsbandalag, allavega á meðal friðarsinna. Kommúnistar séu þó á móti þessu bandalagi vegna þess að Vestur-Evrópa og Bandaríkin séu að íhuga að gera með sér varnarbandalag gegn Sovétríkjunum og það geti kommúnistar ekki sætt sig við. Alþýðublaðið varar við boðskap kommúnista og bendir á að lýðræðissinnar og friðarsinnar þurfi að vara sig á vélráðum kommúnista. Í leiðaranum segir einnig „Þar eru þau varnarsamtök lýðræðisþjóðanna að verða til, sem þurft hefði að stofna strax fyrir aðra heimsstyrjöldina og sennilega hefði getað afstýrt henni. Og víst er um það, að við þau er bundin sú von í dag, að þeirri þriðju verði að minnsta kosti afstýrt.“⁸⁵

Þarna er mikið fullyrt, því sagt er að ef til vill hefði verið hægt að afstýra seinni heimsstyrjöldinni ef varnarsamtök hefðu verið til staðar. Í þeim leiðaraskrifum sem fjallað var um hér að ofan má einnig greina þann ótta sem greinilega var enn til staðar hjá mörgum

⁸³ „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 15. febrúar 1949, 4.

⁸⁴ „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 11. febrúar 1949, 4.

⁸⁵ „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 26. febrúar 1949, 4.

eftir seinni heimsstyrjöldina. Hörmungar stríðsins sátu enn í fólki og margir óttuðust að þær myndu endurtaka sig. Í leiðara *Alþýðublaðsins* er varað við því að stefna kommúnista geti leitt til sama ófriðar og stefna nasista gerði á sínum tíma. Því töldu leiðarahöfundar *Alþýðublaðsins* sem og margir aðrir andstæðingar kommúnismans að mikilvægt væri að koma böndum á hann. Þeir bentu á að nauðsynlegt væri að allt yrði gert til að koma í veg fyrir að stefna þeirra næði fram að ganga. *Alþýðublaðsmenn* deildu þeirri skoðun með fleirum að Atlantshafsbandalagið gegndi mikilvægu hlutverki í því sambandi. Því væri í raun ætlað að koma í veg fyrir að þriðja heimsstyrjöldin myndi skella á. Slík var hræðsla margra andstæðinga kommúnismans að þeir óttuðust að ef ekkert yrði að gert myndi stefna kommúnista ef til vill leiða til heimsstyrjaldar. *Alþýðublaðið* lýsir þeim vonbrigðum að ekki hafi verið til staðar stofnun sem hefði getað komið í veg fyrir að seinni heimsstyrjöldin hefði átt sér stað. *Blaðið* trúir því ásamt mörgum öðrum að Atlantshafsbandalagið sé sú stofnun sem muni stuðla að friði og verði því varnarsamtök lýðræðisþjóðanna.

Eins og kom fram hér að ofan eru leiðarar í *Alþýðublaðinu* um Atlantshafsbandalagið í mars mjög áberandi. Í byrjun mars er skoðun stjórnmalaflokkanna á Íslandi gerð skil. Þar er fullyrt að *Alþýðuflokkurinn* hafi verið fyrsti stjórnmalaflokkurinn hér á landi til að móta afstöðu sína um bandalagið. Á flokksþingi hafi verið samþykkt að skoða vel alla möguleika til þess að tryggja öryggi Íslands með samningum við aðrar þjóðir. Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafi fylgt í kjölfarið. Lýðræðisflokkarnir, eins og það er orðað í leiðaranum, hafi því allir lýst yfir mikilvægi þess að samvinna sé á milli landa í öryggis- og varnarmálum. Þó þurfi flokkarnir að bíða og sjá hverjir skilmálarnir verða ef Ísland gerist aðili að bandalaginu. Flokkarnir þrír hafa allir lýst andstöðu við erlendan her og herstöðvar hér á friðartímum. Ef slíkt verður ekki fyrir hendi er í raun ekkert sem mælir á móti því að Ísland verði aðili að varnarbandalaginu.⁸⁶ Athyglisvert er að Tíminn hélt því fram þann 26. mars, eins og fram kom hér að ofan, að Framsóknarflokkurinn hafi fyrstur markað þá stefnu að hafa ætti samkomulagt við vestrænar þjóðir um öryggi landsins.

Þann 11. mars þegar enn er ritaður leiðari í *Alþýðublaðið*, liggur sáttmáli Atlantshafsbandalagsins fyrir hjá ríkisstjórnnum þeirra landa sem verða stofnaðilar bandalagsins. Leiðarahöfundur *Alþýðublaðsins* segir að það sé athyglisvert fyrir Íslendinga að vita að bæði Norðmenn og Danir hafi ákveðið að gerast stofnaðilar. Þessar þjóðir geri

⁸⁶ „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 2. mars 1949, 4.

sér grein fyrir hversu mikilvægur friðurinn og öryggið sé. Þá segir í leiðaranum að afstaða kommúnista komi ekki á óvart. Þeir vilji að lýðræðisríkin lifi í blekkingu hlutleysis og varnarleysis því þá eigi Rússar auðveldara með að leggja þau undir sig.⁸⁷ Í leiðaranum segir jafnframt:

Tilgangur Atlantshafsbandalagsins er sá að tryggja friðinn í heiminum. Utanríkisstefna Rússa eftir styrjöldina hefur gert stofnun þess nauðsynlega og sjálfsagða. Lýðræðisríkin hljóta að gera ráðstafanir til þess að verjast því, að fleiri þjóðir verði skrímsli kommúnismans að bráð. Staðreyndir síðustu styrjalda hafa fært mönnum heim sanninn um það, að þau lönd, sem Atlantshafsbandalaginu er ætlað að ná til, geta ekki verið óhult fyrir ágengni einræðisins. Ísland er engin undantekning í því efni.⁸⁸

Í þessum leiðara heldur höfundur því fram að ástæða fyrir stofnun Atlantshafsbandalagsins sé utanríkisstefna Rússa. Óttinn við möguleg yfirráð Rússa sést vel í þessum skrifum. Leiðarahöfundur telur að aðeins séu tveir kostir í stöðunni, annars vegar að gerast stofnaðilar að bandalaginu og tryggja þar með frið og öryggi í landinu eða hins vegar verða skrímsli kommúnismans að bráð, eins og það er orðað. Litið er svo á að máttur kommúnismans sé það mikill að nauðsynlegt sé að bregðast við honum með stofnun Atlantshafsbandalagsins.

Í næstu leiðurum er tekist á um mögulega þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu. Meðal annars er sagt frá för ráðamanna vestur um haf, er þeir Bjarni Benediktsson, Eysteinn Jónsson og Emil Jónsson fóru til að kynna sér sáttmálann.⁸⁹ Skoðunum Þjóðviljans og kommúnista eru síðan gerð skil og fjallað er sérstaklega um skoðanir Einars Olgeirssonar formanns Sósíalístaflokksins. Einnig er talað um það hvernig íslenskir kommúnistar hafa haldið uppi „lygum“ um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu.⁹⁰

Þegar vika er þar til aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu er samþykkt birtir Alþýðublaðið leiðara þar sem fjallað er um baráttufund kommúnista gegn bandalaginu. Sagt er að kommúnistar séu að þykjast verja málstað Íslendinga. Þeir séu í raun einungis að bíða eftir tækifærinu til þess að svíkja landið í hendurnar á erlendum her. Fullyrt er í blaðinu að fulltrúar Sósíalístaflokksins hér á landi muni í raun vinna með rauða hernum

⁸⁷ „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 11. mars 1949, 4.

⁸⁸ „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 11. mars 1949, 4.

⁸⁹ „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 13. mars 1949, 4.

⁹⁰ „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 15. mars 1949, 4. „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 16. mars 1949, 4. „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 17. mars 1949, 4.

gegn sínu eigin landi.⁹¹ Í öðrum leiðara er fjallað um ofbeldishótanir kommúnista sem þeir beiti þar sem þeir séu orðnir rökþrota í sínum málflutningi. Kommúnistar gagnrýndu einnig að ákvörðunin um inngöngu hefði ekki verið rædd nægjanlega mikið. Fullyrt er í öðrum leiðara *Alþýðublaðsins* að hvergi hafi væntanleg aðild að varnarbandalaginu verið rædd eins mikið og einmitt á Íslandi. Til að mynda hafi þetta ekki verið rætt eins ítarlega í Danmörku og í Noregi.⁹²

Þann 30. mars, daginn sem aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu er samþykkt, er enn og aftur fjallað um afstöðu kommúnista til bandalagsins. Fullyrt er í blaðinu að Þjóðviljinn og önnur málöggn kommúnista hafi staðið fyrir því að bera út lygar og blekkingar um væntanlega aðild Íslands að bandalaginu.⁹³ Daginn eftir er fjallað um óeirðirnar sem urðu á Austurvelli þegar aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu var samþykkt. Blaðið fordæmir það sem átti sér stað og sagt er að „öður kommúnistaskríll“ hafi staðið fyrir þessum átökum. Íslenskir kommúnistar afhjúpuðu sig í óeirðunum og sýndu að þeir eru eins og flokksbræður þeirra annars staðar í heiminum. Þeir gengu þó skrefi lengra í þessum „skipulögðu skrúslátum“.⁹⁴ Um Sósíalistaflokkinn er fullyrt:

Slíkur flokkur er ekki íslenskur og á engan tilverurétt á Íslandi. Þjóðin á að láta fengna reynslu sér að kenningu verða og víkja slíkum stjórnmalasamtökum til hliðar, láta fyrirlitninguna og gleymskuna geyma þá. Dómsvaldið er þjóðarinnar, og það er sæmdarskylda þeirrar kynslóðar, sem nú byggir landið, að binda enda á pólitíska tilveru hins kommúnistíska stigamannaflokks hér á landi.⁹⁵

2.5 Leiðarar Þjóðviljans

Í leiðurum Þjóðviljans frá því í janúarmánuði árið 1949 til marsloka sama ár má sjá mjög ólíka sýn á Atlantshafsbandalagið en kemur fram í öðrum dagblöðum. Blaðið er mjög eindregið í andstöðu sinni við aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, er jákvætt gagnvart Sovétríkjunum og heldur fram sósíalískum viðhorfum. Leiðarahöfundar Þjóðviljans eru líkt og fleiri leiðarahöfundar mjög uppteknir af væntanlegri inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið. Í janúarmánuði árið 1949 eru alls átta leiðarar sem fjalla beint um Atlantshafsbandalagið í Þjóðviljanum. Í febrúarmánuði fækkar síðan leiðurum um

⁹¹ „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 24. mars 1949, 4.

⁹² „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 27. mars 1949, 4. „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 29. mars 1949, 4.

⁹³ „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 30. mars 1949, 4.

⁹⁴ „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 31. mars 1949, 4.

⁹⁵ „Leiðari“ *Alþýðublaðið*, 31. mars 1949, 4.

bandalagið og eru þeir þann mánuð sjö talsins, jafn margir og leiðarar Morgunblaðsins um sama málefni í febrúar. Í mars, þegar ákvörðunin um inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið er tekin, fjölgar leiðurum um efnið um meira en helming og verða þeir alls fimmtán talsins. Leiðarahöfundar Þjóðviljans fjalla ívíð oft um bandalagið en Morgunblaðsmenn þessa þrjá mánuði. Í Þjóðviljanum fjalla 30 leiðarar beint um Atlantshafsbandalagið en 22 leiðarar fjalla um sama mál í Morgunblaðinu.

Flestir leiðarar Þjóðviljans um Atlantshafsbandalagið í janúar árið 1949 eiga það sammerkt að fjalla um Bandaríkin og „ofríkisstefnu“ þeirra sem leiðarahöfundur nefnir svo og telur að viðgangist á Íslandi. Í leiðurum kemur einnig fram að stundaður sé áróður gegn hlutleysisstefnu Íslendinga með það að markmiði að Ísland gangi í Atlantshafsbandalagið. Þjóðviljamenn telja það vera mjög mikið ógæfuverk „leppstjórnarinnar“, eins og þeir kalla íslensku ríkisstjórnina, að standa fyrir inngöngu Íslands í bandalagið.⁹⁶ Leiðarahöfundur gagnrýndi einnig skort á hlutleysi Ríkisútvarpsins og telja útvarpið hafa brugðist hlutverki sínu. Ríkisútvarpið hafi ekki stuðlað að umræðum um bandalagið. Þess í stað fái Stefán Jóhann forsætisráðherra að stunda áróður fyrir Bandaríkin.⁹⁷ Leiðarahöfundur telur jafnframt að Atlantshafsbandalagið verði rekið með mikla áherslu á stríðsáróður og hafi markvisst unnið að stríðsundirbúningi frá því að seinni heimsstyrjöldinni lauk.⁹⁸ Í leiðara Þjóðviljans frá 20. janúar 1949 kemur berlega í ljós andstaðan við bandarísk áhrif. Þjóðviljamenn telja að ríkisstjórn Íslands sé ekkert annað en leppstjórn Bandaríkjanna og geri hvað sem er til þess að þóknast stórveldinu. Leiðarahöfundur telur að landsmenn séu kúgaðir af Bandaríkjunum og það muni leiða til þess að Ísland gangi í hernaðarbandalagið. Í leiðaranum segir jafnframt: „Það kemur með hverjum deginum berar í ljós, hvernig ameríska stórveldið annarsvegar kúgar Íslendinga, en hinsvegar lætur leppa sína hér vinna að því að Íslendingar afsali því valdinu yfir landi sínu með inngöngu í hernaðarbandalag.“⁹⁹

Í fyrsta leiðaranum um bandalagið í febrúarmánuði er afstöðu framsóknarmannsins Eysteins Jónssonar menntamálaráðherra gerð skil. Leiðarahöfundur telur að Eysteinn sé að framfylgja stefnu sem feli í sér svik við þjóðina. Tíminn, blað Framsóknarflokksins, er gagnrýnt í þessu samhengi. Þjóðviljinn telur ef að Eysteinn styðji inngöngu Íslands í

⁹⁶ „Leiðari“ *Þjóðviljinn*, 4. janúar 1949, 4.

⁹⁷ „Leiðari“ *Þjóðviljinn*, 7. janúar 1949, 4.

⁹⁸ „Leiðari“ *Þjóðviljinn*, 9. janúar 1949, 4.

⁹⁹ „Leiðari“ *Þjóðviljinn*, 20. janúar 1949, 4.

varnarbandalagið þá sé hann með því að svíkja þjóð sína og bændastéttina.¹⁰⁰ Í leiðara í byrjun mars árið 1949 er afstaða Framsóknarflokksins til Atlantshafsbandalagsins gerð skil. Leiðarahöfundur telur að ákvörðun flokksins sem tekin var á miðstjórnarfundi í utanríkis- og öryggismálum sýni að flokkurinn hafi svikið þjóð sína. Ýmsir flokksmenn hafi þó tekið afstöðu gegn hernaðarbandalagi. Leiðarahöfundur Þjóðviljans þykir ályktun Framsóknarflokksins sýna að flokknum sé ekki treystandi. Hún sýni jafnframt að tengsl flokksins við sveitirnar hafi rofnað. Þetta sé áfall fyrir marga framsóknarmenn sem hafa talið að flokkur sinn stæði vörð um hagsmuni Íslands.¹⁰¹ Leiðtogar Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins fengu einnig sinn skerf af gagnrýni í leiðurum Þjóðviljans. Orð eins og hroki, frekjuáróður, blekkingaleikur og loddarafígúrir eru notuð um stjórnarliðana og leiðtoga Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins, Stefán Jóhann, Bjarna Benediktsson og Ólaf Thors.¹⁰² Þá segir að þeir „. . . Ólafur Thors og Stefán Jóhann hafi eggjað þjóðina á að láta hernema sig sem fyrst og skríða í hæpið skjól morðtöla og vígvéla til sóknar og árásar.“¹⁰³ Af þessari leiðaraumfjöllun virðist sem leiðarahöfundur Þjóðviljans hafi talið að afstaða Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokksins sé lík en afstaða Framsóknarflokksins hafi ekki verið eins skýr. Talað er um að Eysteinn sé að framfylgja ákveðinni stefnu og það feli í sér svik við þjóðina. Það má velta því upp hvort leiðarahöfundur telji að Eysteinn hafi einungis verið að framfylgja stefnu sem var sett fram af fulltrúum Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins. Leiðarahöfundur virðist telja að forystumenn Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins séu ábyrgari fyrir væntanlegri aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu en Framsóknarflokkurinn. Á það má benda að höfundur telur ekki upp neinn framsóknarmann þegar hann notar orð eins hroka og blekkingaleik. Þar vísar hann aðeins til forystumanna Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks. Leiðarahöfundur telur hinsvegar að aðalgerendurnir í þessu máli hafi verið Ólafur Thors, Bjarni Benediktsson og Stefán Jóhann og þeir hafi blekkt þjóðina þegar landið var hernumið og nú hyggist þeir stuðla að inngöngu Íslands í hernaðarbandalag þar sem áhersla er lögð á morðtöl og vígvélar. Þeirri tilgátu má varpa fram að með þessu sé blaðið að freista þess að ala á tortryggni á milli forystumanna

¹⁰⁰ „Leiðari“ *Þjóðviljinn*, 5. febrúar 1949, 4.

¹⁰¹ „Leiðari“ *Þjóðviljinn*, 1. mars 1949, 4.

¹⁰² „Leiðari“ *Þjóðviljinn*, 16. febrúar 1949, 4.

¹⁰³ „Leiðari“ *Þjóðviljinn*, 17. febrúar 1949, 4.

Framsóknarflokksins og þeirra stuðningsmanna sem voru andvígir eða á varðbergi gagnvart aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu.

Í mars fjölga leiðurum Þjóðviljans um málefni Atlantshafsbandalagsins um rúmlega helming frá fyrri mánuði og umfjöllunin gegn bandalaginu harðnar enn frekar. Leiðarahöfundur Þjóðviljans telur að með inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið sé öryggi Íslands stefnt í hættu. Í leiðara frá 2. mars árið 1949 er sagt svo: „Hver hugsandi maður sér að með þátttöku í hernaðarbandalagi er verið að bjóða heim geigvænlegri hættu og ömurlegra öryggisleysi en hægt er að gera sér grein fyrir til fullnustu. En auðstéttin telur öryggi sitt meira í skjóli bandarískra byssustingja.“ Er því haldið fram að þeir sem taki ákvörðun um inngöngu Íslands í bandalagið séu að leitast eftir annars konar öryggi en almennir borgarar. Þessir fulltrúar auðstéttarinnar séu að berjast fyrir sínu eigin öryggi og það sé jafnframt einn þáttur í baráttu kapítalismans gegn alþýðu heimsins. Þetta öryggi sem auðstéttin leiti eftir gangi algjörlega í berhögg við öryggi almennings. Þjóðviljamenn telja jafnframt að Íslendingar munu ekki láta bjóða sér slíka framkomu og þeir muni því berjast gegn þessari auðstétt.¹⁰⁴ Af þessari umfjöllun hér að ofan er nokkuð ljóst að leiðarahöfundur Þjóðviljans hefur litið á inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið sem hluta af yfirráðum kapítalismans um heiminn. Með því að berjast gegn væntanlegri inngöngu landsins í bandalagið voru þeir jafnframt að berjast gegn kapítalískum hugmyndum, sem voru þyrnir í þeirra augum. Leiðarahöfundurinn hefur líklega talið að ef Ísland gengi í Atlantshafsbandalagið þá væri líklegra að hugmyndafræði kapítalismans fengi hljómgrunn hér á landi. Þarna kemur berlega fram að blaðið setur baráttuna gegn Atlantshafsbandalaginu í skýrt og hugmyndalegt samhengi, þar sem eigast við sósíalískar og kapítalískar hugmyndir.

Þegar líða tekur á marsmánuð verður leiðarahöfundur Þjóðviljans það ljóst að allt stefni í að Ísland gangi í Atlantshafsbandalagið. Leiðarahöfundur telja að stjórnarliðar séu orðnir sammála um að láta undan öllum þeim kröfum sem Bandaríkin setji fram. Þjóðviljamenn telja á hinn bóginn mikilvægt að þjóðin standi saman gegn þessum samningi og komi í veg fyrir að landið verði gert að stökkpalli vestræns árásríkis til að stuðla að heimsyfirráðum eins og það er kallað. Það sé því nauðsynlegt að þjóðin taki fram fyrir hendurnar á Alþingi úr því að ríkisstjórnin ætli sér að samþykkja aðild Íslands að

¹⁰⁴ „Leiðari“ *Þjóðviljinn*, 2. mars 1949, 4.

hernaðarbandalagi. Auðmannaklíkan sem öllu ráði í ríkisstjórninni hyggist traðka á hagsmunum þjóðarinnar. Það sé því komið að örlagastundu og þjóðin þurfi að taka ákvörðun um framtíð sína og koma í veg fyrir inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið.¹⁰⁵

Andstaða Þjóðviljans við inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið verður skýrari og stöðugt ákveðnari eftir því sem líður á marsmánuð. Leiðarahöfundur blaðsins telur að þeir sem standi á bak við þessa ákvörðun á Íslandi séu landsölumenn, með því að bjóða Bandaríkjunum að hafa aðsetur á Íslandi. Landsölumennirnir séu að svíkja sjálfstæði landsins sem og frelsi og menningu. Í leiðara Þjóðviljans frá 11. mars árið 1949 er sagt frá viðbrögðum ráðamanna á Íslandi. Leiðarahöfundur segir þá vera að kvarta og bera sakir á aðra. Þeir haldi því fram að sósíalistar séu engu betri.¹⁰⁶

Nú mega þessir menn vita að dylgjur þeirra og kveinstafir eiga sér engan hljómgrunn með íslensku þjóðinni og eiga ekki skilið önnur svör en nístandi fyrirlitningu. Öll þjóðin veit að Sósíalístaflokkurinn er eini hérlandi flokkurinn sem í heild hefur gert málstað Íslendinga að sínum og snúist af alefli gegn því að Íslendingar gerðust aðilar að nokkrum hernaðarbandalögum, hverjir sem standa að þeim. Hins vegar er það aðeins eitt ríki, Bandaríki Norður-Ameríku, sem ásælt hefur íslenska grund og íslensk landsréttindi, og það þarf engar bollaleggingar um það hvernig íslensku stjórnmalaflokkarnir hafa snúist við þeirri ásælni. Það eru staðreyndir sem allri þjóðinni eru hörmulega ljósar.¹⁰⁷

Leiðarahöfundur Þjóðviljans telur að Sósíalístaflokkurinn berjist fyrir málstað Íslendinga með andstöðu sinni gegn Atlantshafsbandalaginu. Bandaríkjamenn séu sífellt að sækjast eftir meiri áhrifum á Íslandi og stjórnarflokkarnir hafi auðveldað þeim mjög það verkefni. Blaðið undirstrikar sérstöðu sína og Sósíalístaflokksins í þessu máli. Þetta þjónar pólitískum hagsmunum. Blaðið vill þannig leiða eða jafnvel móta þann hóp sem efast um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Í þessum leiðara má einnig greina þjóðernislega hugmyndafræði.

Leiðarahöfundur Þjóðviljans gefur lítið fyrir þá skýringu að stofnað sé til Atlantshafsbandalagsins til þess að viðhalda friði og öryggi í heiminum. Þann 20. mars árið 1949 gagnrýnir leiðarahöfundur harkalega dagblöð á Íslandi. Sagt er að þetta sé einungis „dollarablöð“ í þeim skilningi að þau flytji eingöngu fréttir sem henti Washington og þau fylgi ákveðinni áróðurslínu. Fullyrt er að nær allir Íslendingar sjái í gegnum þessa blekkingu og viti að Atlantshafsbandalagið sé hernaðarbandalag sem leggi áherslu á

¹⁰⁵ „Leiðari“ *Þjóðviljinn*, 10. mars 1949, 4 og „Leiðari“ *Þjóðviljinn*, 16. mars 1949, 4.

¹⁰⁶ „Leiðari“ *Þjóðviljinn*, 11. mars 1949, 4.

¹⁰⁷ „Leiðari“ *Þjóðviljinn*, 11. mars 1949, 4.

vígbúnað og stríð. Talað er um að reiðin aukist í Þjóðfélaginu vegna væntanlegrar inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið. Bæði Stefán Jóhann og Bjarni Benediktsson hafi beitt þjóðina blekkingum og lygum. Það sé því nauðsynlegt að þjóðin fái að segja skoðun sína og kallað er eftir því að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um þetta mál.¹⁰⁸ Krafan um þjóðaratkvæðagreiðslu er aftur sett fram skömmu síðar. Fullyrt er að þetta sé örlagaríkasta ákvörðun sem Alþingi hefur staðið frammi fyrir og því þurfi þjóðin að fá að segja sína skoðun.¹⁰⁹ Svipuð umfjöllun á sér stað í næstu leiðurum þar sem þáttur Bjarna Benediktssonar er gagnrýndur harðlega. Einnig kemur fram að eitt atriði í Atlantshafssáttmálanum snúist um að halda eigi við núverandi þjóðfélagsháttum og leiðarahöfundur Þjóðviljans veltir því upp hvort um sé að ræða kapítalískt arðránskipulag.¹¹⁰ Enn er hér á ferðinni hin hugmyndafræðilega skírskotun blaðsins þar sem andstæðunum kapítalisma og sósíalisma er teflt saman.

Síðustu þrjár leiðarar í marsmánuði snúast allir um Atlantshafsbandalagið. Má þar greina mikinn tilfinningahita að vonum. Nú er að draga til tíðinda. Það styttist í að Alþingi taki afstöðu til aðildar að Atlantshafsbandalaginu og þeim Þjóðviljamönnum er vitaskuld ljóst hverjar lyktir málsins verða. Þeir draga því hvergi af sér, né spara þeir stóru orðin. Í leiðaranum segir: „Hvatamenn þessarar þátttöku eru greinilega vitandi að þeir gegna hlutverkum landráðamanna og meinsærismanna – eru verðugir arftakar Júdasar þess sem sveik herra sinn fyrir 30 silfurpeninga og hengdi sig síðan“.¹¹¹ Sama dag og aðildin að Atlantshafsbandalaginu er samþykkt skrifar blaðið að þátttaka Íslands í bandalaginu sé forsenda fyrir stofnun þess vegna þess að Bandaríkin vilja nota landið sem árársstöð sína. Ísland muni því gegna mikilvægu hlutverki í vígbúnaði Bandaríkjanna. Athyglisvert er að blaðið byggir þessa fullyrðingu sína á málflutningi Ólafs Thors.¹¹² Hér er mikið fullyrt. Þarna sameinast helstu andstæðurnar, formaður Sjálfstæðisflokksins og Þjóðviljinn og fullyrða í rauninni að stofnun Atlantshafsbandalagsins hafi staðið og fallið með ákvörðun Alþingis.

¹⁰⁸ „Leiðari“ *Þjóðviljinn*, 20. mars 1949, 4.

¹⁰⁹ „Leiðari“ *Þjóðviljinn*, 27. mars 1949, 4.

¹¹⁰ „Leiðari“ *Þjóðviljinn*, 22. mars 1949, 4. „Leiðari“ *Þjóðviljinn*, 24. mars 1949, 4.

¹¹¹ „Leiðari“ *Þjóðviljinn*, 29. mars 1949, 4.

¹¹² „Leiðari“ *Þjóðviljinn*, 30. mars 1949, 4.

Daginn eftir að ákvörðunin um inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið er tekin birtist leiðari undir fyrirsögninni „Svartasti dagurinn í sögu Íslands. Ísland svikið undir amerískt hervald.“ Í leiðaranum segir: „Svívirðingarsamningurinn, sem setur Ísland undir hervald Bandaríkjanna, var ólöglega samþykktur með þverbroti allra þingræðisreglna, af mönnum, sem ekkert umboð höfðu frá þjóðinni til þessa viðurstyggilega verks.“¹¹³

3. Umræða á Alþingi

Umræðan um þingsályktunartillögu um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu stóð yfir á Alþingi í þrjá daga. Tillagan var borin fram af ríkisstjórninni þann 28. mars árið 1949 og atkvæðagreiðsla um málið fór síðan fram 30. mars. Þann 28. mars ákváðu formenn stjórnarflokkanna að um kvöldið skyldu fara fram umræður í útvarpi um Atlantshafsbandalagið. Sósíalistaflokkurinn taldi að fyrirvarinn væri of skammur og það var því gert samkomulag við Sósíalistaflokkinn um að vantrauststillaga hans á ríkisstjórnina yrði einnig rædd. Vantrauststillagan var felld en það var alla tíð ljóst að svo myndi fara. Umræður um þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar hófust því á Alþingi þann 29. mars. Þingmenn stjórnarflokkanna íhuguðu að ljúka umræðum um málið þá strax um kvöldið eða um nóttina. Síðdegis þann 29. mars var svo ákveðið að ræðutími skyldi stytur og takmarkast við 15 mínútur og ekki var gert kvöldverðarhlé á fundinum. Fundi var slitið um klukkan hálf tíu um kvöldið. Daginn eftir, þann 30. mars, lagði forseti Sameinaðs þings, sjálfstæðismaðurinn Jón Pálmason, fram þá tillögu að umræða um málið yrði eins stutt og þingsköp leyfðu. Hann taldi að umræða ætti ekki að standa lengur en í þrjár klukkustundir. Eins og vænta mátti mótmæltu þingmenn Sósíalistaflokksins þessu harðlega. Tillaga þingforseta var samþykkt þrátt fyrir mótmælin. En athygli vekur að ekki voru allir þingmenn stjórnarflokkanna sammála þessari tillögu. Var hún samþykkt með 29 atkvæðum gegn 13, en sjö þingmenn sátu hjá. Þingmenn Sósíalistaflokksins voru einungis tíu og einn þeirra var fjarverandi, því hafa sennilega fjórir þingmenn stjórnarflokkanna greitt atkvæði gegn tillögunni.¹¹⁴

Ákveðið hafði verið að utanríkisráðherrar stofnríkja Atlantshafsbandalagsins skyldu hittast í Washington þann 2. apríl þannig að ljóst var að ekki var langur tími til umræðu um

¹¹³ „Leiðari“ *Þjóðviljinn*, 31. mars 1949, 4.

¹¹⁴ Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson (1976), 130-131.

málið. Gunnar Thoroddsen Sjálfstæðisflokki taldi hins vegar að ástæða fyrir styttnum ræðutíma hafi verið óspektir og uppbot sem áttu sér stað fyrir utan þinghúsið. Utanríkismálanefnd Alþingis fjallaði um þingsályktunartillöguna um bandalagið. Nefndin klotnaði í þrennt í afstöðu sinni. Meirihluti nefndarinnar sem voru þeir Ólafur Thors, Gunnar Thoroddsen, Jóhann Hafstein, Sjálfstæðisflokki og Ásgeir Ásgeirsson, Alþýðuflokki vildu að tillagan yrði samþykkt óbreytt. Páll Zophoníasson og Hermann Jónasson úr Framsóknarflokki tilheyrðu fyrsta minnihluta sem töldu heppilegast að sérstaða Íslands yrði viðurkennd sem fyrirvari á undirskrift samningsins og Alþingi myndi endurskoða Keflavíkursamninginn sem fyrst. Annar minnihluti sem aðeins Einar Olgeirsson, Sósíalistaflokki, tilheyrði taldi að fella ætti tillöguna. Tillaga um að leggja þingsályktunartillöguna í þjóðaratkvæði var einnig lögð fram af þeim Skúla Guðmundssyni, Framsóknarflokki, Hermanni Jónassyni og Einari Olgeirssyni. Stuðningsmenn aðildarinnar að bandalaginu töldu að slík tillaga væri aðeins sett fram til að tefja málið. Flestir stjórnarþingmenn voru því á móti hugmyndum um þjóðaratkvæðagreiðslu, þó slík hugmynd hefði komið upp hjá öllum stjórnarflokkunum. Allar breytingatillögur á upprunalegri þingsályktunartillögu voru felldar á Alþingi. Eins og kom fram fyrr var tillaga ríkisstjórnarinnar um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu samþykkt með 37 akvæðum gegn 13, en tveir sátu hjá.¹¹⁵

Umræðurnar á Alþingi um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu einkenndust mjög af því að stjórnarandstaðan hélt uppi málflutningi gegn aðildinni en þingmenn sem studdu hana létu minna fyrir sér fara. Eins og vænta mátti tjáðu þingmenn flokkanna sig mismikið um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Þingmenn Sósíalistaflokksins skáru sig úr og tjáðu sig mun oftár en þingmenn annarra flokka. Er þetta nokkuð til samræmis við mikinn fjölda leiðara Þjóðviljans og hörku blaðsins í málflutningi. Þingmenn flokksins stigu 41 sinni í ræðustól í umræðum um Atlantshafsbandalagið á meðan þingmenn Sjálfstæðisflokksins komu 10 sinnum, þingmenn Alþýðuflokksins 14 sinnum og þingmenn Framsóknarflokksins 13 sinnum. Líklega er ástæðan fyrir því að þingmenn sýndu málinu mismunandi áhuga sú að Sósíalistaflokkurinn var eini flokkurinn á Alþingi sem alfarið var á móti aðild Íslands að bandalaginu. Flestir þingmenn stjórnarflokkanna studdu málið og

¹¹⁵ Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson (1976), 131-133.

þeir sem greiddu atkvæði gegn samningnum eða sátu hjá, tjáðu sig flestir oftar en þingmenn stjórnarflokkanna sem studdu málið. Sá þingmaður sem er lang atkvæðamestur í umræðunum er Einar Olgeirsson þingmaður Sósíalístaflokksins. Hann steig 15 sinnum í ræðustól og tjáði sig um málið.

3.1 Þingræður Einars Olgeirssonar formanns Sósíalístaflokksins

Í málflutningi Einars Olgeirssonar kemur meðal annars fram að hann telji að þetta mál komi til með að breyta stjórnarháttum Íslendinga sem hafi ríkt hér síðan þjóðríki var stofnað. Breytingin sem aðild Íslands að bandalaginu hafi sé meiri en hefur nokkurn tíma átt sér stað hér á landi. Ísland muni einnig breytast úr friðarríki og staðinn fara byggja á vopnavaldi. Með aðild Íslands að bandalaginu muni Bandaríkin ná að auka yfirráð sín hér á landi.¹¹⁶

Einar Olgeirsson taldi að áhrif Bandaríkjanna á Íslandi myndu leiða til þess að möguleikar skapist fyrir því að spilla þjóðlífi og þjóðerni hér á landi. Hann sakar einnig ríkisstjórnina um að þiggja „dollaragjafir“ frá Bandaríkjunum. Bandaríkin reyni að múta Íslendingum með öllum tiltækum ráðum. Þau áhrif sem Einar Olgeirsson telur að Bandaríkin hafi á Íslandi sjást mjög glögg í þingræðum hans um málið. Hann segir meðal annars: „Í tvö ár hefur verið unnið markvisst að því að koma okkur í þá aðstöðu að við yrðum hrædd nýlendþjóð, sem lifði á sveitarframfæri frá Wall Street.“ Þau skýru skil sem voru á milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna koma einnig skýrt í ljós í ræðum þingmannsins.¹¹⁷ Hann segir til að mynda:

Það er talað um kalt stríð nú sem stendur. Mér sýnist, að það kalda stríð sé ekki það kalda stríð milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, það er stríð auðhringa Bandaríkjanna móti verkalýðshreyfingu verkalýðsins í Evrópu. Þetta kalda stríð er það, að bandaríska auðvaldið er efnahagslega, stjórnarfarslega og hernaðarlega að leggja undir sig löndin í Vestur-Evrópu.¹¹⁸

Þarna kemur glögglega í ljós sýn Einars Olgeirssonar og annarra sósíalista á samskipti Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Einar leit svo á að Kalda stríðið snérist ekki um löndin tvö heldur væri verið að kúga verkalýðinn. Hann taldi að Bandaríkin notuðu vald sitt og beittu því í krafti auðs gegn almúganum í Evrópu. Með því að Ísland gerðist aðili að

¹¹⁶ Alþingistíðindi 1949, 68. löggjafarþing D. Umræður: 99-101.

¹¹⁷ Sama heimild, 102-103.

¹¹⁸ Sama heimild, 103.

Atlantshafsbandalaginu væri landið í raun orðið undirgefið Bandaríkjunum. Því töldu svo sósíalistar mikilvægt að berjast hart gegn aðild Íslands.

Einar gerist mjög stórorður í umræðunum og segir til að mynda að aðferðirnar sem Bandaríkin beiti til að leggja undir sig lönd í Evrópu séu þær sömu og Hitler notaði á sínum tíma þegar hann lagði undir sig lönd Evrópu. Samhljómur er með málflutningi Einars Olgeirssonar og því sem kom fram í Þjóðviljanum á sínum tíma. Einar segir meðal annars að með aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu verði landið gert að árásarstöð í Evrópu. Einar talar líka um að ef Ísland verður aðili að bandalaginu fái Bandaríkin aðstöðu hér á landi fyrir herstöðvar og það muni leiða til þess að stríð færist nær.¹¹⁹ Einar gerist aftur mjög harðorður í sinni umfjöllun. Hann segir til dæmis að: „Nú er ætlast til þess af okkur, að við göngum í bandalag til þess að hjálpa til þess að kúga allar þær aðrar þjóðir í veröldinni, sem eru að berjast fyrir sínu frelsi, við þau völdugustu nýlenduríki heimsins, sem mynda þetta árásarbandalag, sem hér er um að ræða.“¹²⁰ Einar segir einnig að bandalaginu sé beitt gegn Sovétríkjunum og kommúnismanum. Hann telur að það sé verið að blekkja fólk þegar því er haldið fram að bandalagið eigi að berjast fyrir friði, frelsi og öryggi. Þingmaðurinn telur að Sovétríkin hafi aldrei sýnt Íslandi neinn ágang. Íslendingar hafi grætt á samskiptum við landið og gert við þá góða viðskiptasamninga. Bandaríkin hafi hins vegar ætíð sýnt Íslendingum yfirgang og reynt að tryggja ítök sín hér á landi sem þeim hefur tekist nokkuð vel að mati Einars.¹²¹ Þingmaðurinn telur að ríkisstjórn Íslands sé haldið uppi á peningum frá Bandaríkjunum. Hann segir meðal annars að ríkisstjórnin vinni fyrir „Júdasarpeningum“ þegar hún sé að reyna að koma Íslandi inn í Atlantshafsbandalagið. Þjóðviljinn notaði einnig tilvísun í Júdas og svikaverk þegar blaðið fjallaði um Atlantshafsbandalagið.¹²²

Einari Olgeirssyni er mikið niðri fyrir þegar hann talar um að verið sé að breyta Íslandi úr því að vera friðarríki í hernaðarríki. Þetta eigi að gera á eins stuttum tíma og hægt er, helst án þess að þjóðin fái að vita af því. Þessi aðild Íslands að bandalaginu sé ekkert annað

¹¹⁹ Sama heimild, 104-108.

¹²⁰ Sama heimild, 111.

¹²¹ Sama heimild, 114 og 119.

¹²² Sama heimild, 124. „Leiðari“ Þjóðviljinn, 29. mars 1949, 4.

en valdataka Bandaríkjanna hér á landi. Einar telur að með aðild verði Ísland hluti af samtökum ofbeldisríkja heimsins og það sé einnig verið að sniðganga íslensku þjóðina.¹²³

Þá telur Einar Bandaríkin sækjast eftir aðild Íslands til þess eins að tryggja stöðu sína betur í heiminum og veikja Sovétríkin. Samhljómur er í málflutningi Einars og Þjóðviljans gegn Atlantshafsbandalaginu. Svipuð rök eru notuð gegn bandalaginu og samlíkingin við Júdas er notuð af bæði leiðarahöfundum Þjóðviljans og Einari Olgeirssyni.

3.2 Þingræður forystumanna stjórnarflokkanna

Þingmenn stjórnarflokkanna tjá sig mun sjaldnar um Atlantshafsbandalagið en þingmenn Sósíalístaflokksins. Bjarni Benediktsson utanríkis- og dómsmálaráðherra talar fyrir þingsályktunartillögunni eftir að umræður um þann viðbúnað sem hafður var við Alþingishúsið höfðu farið fram. Í ræðu sinni viðrar hann meginsjónarmiðin sem liggja að baki. Bjarni telur að Ísland þurfi á öryggi að halda líkt og önnur lönd. Innan Atlantshafsbandalagsins muni Íslendingar fá þær varnir sem nauðsynlegar eru. Sérstaða Íslands muni fá að halda sér þrátt fyrir aðildina að bandalaginu. Bjarni telur gildi samningsins mjög mikið og heldur því fram að friðarvonir mannkynsins séu nú bundnar við hann.¹²⁴ Bjarni tekur til máls síðar í umræðunni og undrast yfir málþófi sem stjórnarandstæðingar standi fyrir, þá sérstaklega Einar Olgeirsson. Bjarni telur að kommúnistum hafi verið fyrirskipað að haldi uppi ákveðnum málflutningi til að gera „erlendum húsbændum“ til geðs, eins og hann orðar það. Bjarni álitur málflutning stjórnarandstæðinga rangan þegar því er haldið fram að vestræn ríki séu að mynda í kringum sig hernaðarblokk. Bjarni telur á hinn bóginn að það séu „austurveldin“ sem hafi byrjað þennan leik. Þau hafi innlimað ríki og níðst á sjálfstæði þeirra.¹²⁵ Bjarni gagnrýnir þingmann Sósíalístaflokksins, Áka Jakobsson fyrir að efast um tilgang Bandaríkjanna með þessum samningi. Bjarni telur að Sósíalístaflokkurinn vilji fremur að einræðis- og árásaríki geti ráðist á Ísland og notað landið gegn öðrum lýðræðisþjóðum. Bjarni telur einnig að það sé hagkvæmara að gera þennan samning nú þegar heldur en að bíða því ef önnur styrjöld brjótist út muni Ísland dragast inn í þau átök. Með samninginn í gildi verði ekki óvissa og kapphlaup um Ísland og einræðisríki geti ekki ráðist inn í landið. Utanríkis-

¹²³ Alþingistíðindi 1949, 68. löggjafarþing D. Umræður: 179 og 198.

¹²⁴ Sama heimild, 98.

¹²⁵ Sama heimild, 154.

og dómsmálaráðherra var spurður hvort Ísland gæti haldið hlutleysi sínu þrátt fyrir aðild að bandalaginu og svaraði hann því svo að landið gæti ekki haldið sínu hlutleysi ef það myndi standa við sínar skuldbindingar. Hann telur jafnframt að hlutleysi okkar hafi verið gagnslaust og ekki sé hægt að byggja pólitík landsins á því.¹²⁶

Bjarni Benediktsson var líklega sá ráðherra sem bar hitann og þungann af aðild Ísland að Atlantshafsbandalaginu. Þó að hann tjái sig mun sjaldnar í þingumræðum en Einar Olgeirsson má sjá hörku og eindrægni í ummælum hans. Andstæður í málflutningi þeirra tveggja birtast einnig greinilega. Bjarni telur að erlendir aðilar hafi fyrirskipað þann málflutning sem sósíalistar standa fyrir á Alþingi. Einar Olgeirsson sakaði stjórnarþingmenn um að vera undir hælnum á Bandaríkjunum. Bjarni álitur einnig að kostirnir í stöðunni séu aðeins tveir, annars vegar að ganga í bandalagið eða að einræðis- og árásarríki muni ef til vill ráðast á landið.

Formaður Sjálfstæðisflokksins, Ólafur Thors, tók fjórum sinnum til máls í umræðunni. Málflutningur hans var afdráttarlaus. Ólafur telur meðal annars að Íslendingar geti ekki neitað boði um aðild að friðarbandalagi lýðræðisþjóða þar sem Íslendingar unna frelsi og lýðræði. Það væri því algjör skömm að hafna slíku boði og Ólafur telur að engar óeðlilegar skuldbindingar fylgi aðildinni. Hinar lýðræðisþjóðirnar í bandalaginu skilja sérstöðu landsins og þá afstöðu Íslendinga að neita herskyldu.¹²⁷ Í umræðunum um Atlantshafsbandalagið segir Ólafur Thors til dæmis:

M.ö.o., við öðlumst þann öruggleika og þau réttindi, sem sáttmálanum fylgja, án þess að þurfa nokkuð að leggja af mörkum annað en það, sem við sjálfir viljum, þegar þar að kemur, um leið og það er undirskilið af okkar hendi, að við höfum aldrei herstöðvar eða hersetu á friðartímum eða hermenn á friðartímum og að við segjum aldrei nokkurri þjóð stríð á hendur.¹²⁸

Stefán Jóhann Stefánsson forsætisráðherra tekur aðeins einu sinni til máls í umræðum um Atlantshafsbandalagið á Alþingi. Stefán Jóhann vísar til útvarpsumræðna sem áttu sér stað þann 28. mars að öðru leyti er hann frekar fáorður um helstu rök þess að Ísland gerist aðili að bandalaginu. Hann tekur það þó fram í umræðum á Alþingi að við undirritun sáttmálans um bandalagið verði undirstrikað að Ísland sé vopnlaust ríki. Þessi yfirlýsing

¹²⁶ Sama heimild, 169-171.

¹²⁷ Sama heimild, 188.

¹²⁸ Sama heimild, 188-189.

muni hafa það í för með sér að Íslandi beri ekki nein skylda til stríðsyfirlýsingar þó það tilheyri Atlantshafsbandalaginu.¹²⁹

Framsóknarflokkurinn var í nokkuð sérstakri stöðu í umræðunum. Formaður flokksins, Hermann Jónasson, átti ekki sæti í ríkisstjórn, hafði jafnframt efasemdir um bandalagið og sat hjá við atkvæðagreiðslu um málið. Hermann tók þrisvar til máls þar af einu sinni í ítarlegri ræðu. Hann lagði meðal annars áherslu á að Ísland muni aldrei segja annarri þjóð stríð á hendur. Ef sú krafa okkar næði fram að ganga og væri virt, væri ljóst að við værum ekki í þessu hernaðarbandalagi. Hermann taldi einnig að ekki væri öruggt að okkar sérstaða yrði viðurkennd meðal hinna aðildarþjóðanna. Því taldi hann betra að gera enga samninga en að skrifa undir samninga sem ekki væru nægilega skýrir. Hermann gagnrýndi einnig málsmeðferðina á Alþingi. Taldi hann betra að ræða þetta mál af yfirvegun og ró.¹³⁰ Framsóknarmaðurinn Eysteinn Jónsson menntamálaráðherra var einn af þremur ráðherrum sem héldu til Bandaríkjanna til að ræða um Atlantshafsbandalagið. Má segja að hann hafi verið forystumaður Framsóknarflokksins í þessu máli. Hann tjáði sig þó ekki ítarlega í þinginu, tók tvisvar sinnum til máls, stutt í hvort skipti. Hann var á móti því að málið yrði sett í þjóðaratkvæðagreiðslu og lagði áherslu á að þingsályktunartillagan yrði samþykkt óbreytt. Hann segir einnig að umræður um málið hafi verið mjög ítarlegar og andstæðingar málsins haft nægan tíma til að koma skoðunum sínum á framfæri.¹³¹ Skoðanir Eysteins og formanns Framsóknarflokksins fara augljóslega ekki saman og eru þeir ósammála um flest það sem viðkemur samningnum. Leiðaraskrif Tímans endurspeglar fremur málflutning Eysteins en Hermanns þar sem Tíminn studdi aðild Íslands að bandalaginu og fylgdi þar með ekki formanni flokksins að fullu.

¹²⁹ Sama heimild, 201.

¹³⁰ Sama heimild, 191-194.

¹³¹ Sama heimild, 186 og 200-201.

Niðurstöður

Fram til loka Kalda stríðsins snérist stjórn málaumræða hér á landi að miklu leyti um utanríkisstefnu Íslendinga og mikil togstreita skapaðist í þeirri umræðu. Hér á landi snérist stjórn málaumræða fram til loka Kalda stríðsins að miklu leyti um utanríkisstefnu Íslendinga. Umræðan um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu fór fram í skugga mikilla átaka, og var öðrum þræði hugmyndafræðilegs eðlis. Annars vegar trúðu stuðningsmenn vestrænna lýðræðisríkja því að hagsmunum þjóðarinnar væri betur borgið með samvinnu á sviði öryggis- og varnarmála. Hins vegar töldu þeir, sem voru andsnúnir þess konar samvinnu í varnarmálum að með aðild væri Ísland að afsala sér hlutleysi sínu. Þá má einnig glögglega greina átakalínur sem komu fram í stuðningi eða mótspyrnu við bandarískum áhrifum á Íslandi. Deilurnar á Íslandi um Atlantshafsbandalagið endurspegluðu Kalda stríðið sem þá ríkti. Rætur þess má rekja til brotinnar heimsmyndar eftir síðari heimsstyrjöldina, þar sem gömul stórveldi stóðu mjög illa. Þau ríki sem mestu réðu, Bandaríkin og Sovétríkin, voru fulltrúar ólíkra stórnálahugmynda um uppbyggingu og gerð samfélagsins. Bandaríkin og þeirra bandamenn vildu efla markaðsbúskap í heiminum en Sovétríkin töldu að best væri að stuðla að auknum áætlunarbúskap. Þessar einstæðu aðstæður mynduðu jarðveg fyrir Kalda stríðið sem stóð í nærfellt hálföld. Andrúmsloftið í heiminum á þessum tíma var mjög sérstakt. Stutt var liðið frá tveimur heimsstyrjöldum og óttinn við þá þriðju vofði yfir. Óttinn við kommúnismann hafði einnig magnast. Stuðningsmenn Atlantshafsbandalagsins hér á landi sem og víða annars staðar töldu mikilvægt að stofna til slíks samstarfs til að koma í veg fyrir að stefna Sovétríkjanna næði meiri fótfestu í heiminum, tryggja öryggi íslensku þjóðarinnar og standa vörð um lýðræðið. Andstæðingar bandalagsins töldu hins vegar að slíkur ótti við útpenslu Sovétríkjanna væri ástæðulaus. Þvert á móti væri aðildin að Atlantshafsbandalaginu dæmi um að við værum að sogast inn í óæskilegt samstarf með hernaðar- og auðhyggjuöflum.

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Alþýðuflokks og Framsóknarflokks stóð að ákvörðuninni. Ríkisstjórnin var að mörgu leyti í sérstakri aðstöðu þar sem flokkarnir voru ekki samstíga. Tveir flokksformannanna voru utan ríkisstjórnar m.a vegna andstöðu við tiltekin málefni ríkisstjórnarinnar. Það var eingöngu Sjálfstæðisflokkurinn sem studdi eindregið aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Vinstrimenn í Alþýðuflokki voru mjög mótfallnir henni sem og ákveðinn hluti framsóknarmanna, þar með talið formaður

flokksins sem ekki greiddi henni atkvæði sitt. Hér er nauðsynlegt að áréttu að um er ræða eitt stærsta deilumál lýðveldissögunnar. Það gefur því augaleið að mjög hefur reynt á innviði ríkisstjórnarinnar og flokkanna að búa við svo alvarlegar innbyrðis deilur um þetta mikla átakamál.

Dagblöðin á þessum tíma voru flokksblöð. Mjög mikinn samhljóm má greina í umfjöllun dagblaðanna og málflutningi stjórn mála flokkanna. Athyglisvert er að benda á að öll fjögur blöðin sem tengdust stjórnarflokkunum, Morgunblaðið, Vísir, Tíminn og Alþýðublaðið, studdu aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Þau gerðu það þrátt fyrir að Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn, sem nátengdust voru Tímanum og Alþýðublaðinu, væru að mörgu leyti klofin í afstöðu sinni. Formaður Framsóknarflokksins, Hermann Jónasson sat meðal annars hjá við atkvæðagreiðslu málsins.

Umræðurnar á Alþingi voru mjög harðar og stóryrðin hvergi spöruð. Þarna var úrslitaorustan líka í rauninni háð í þessu afdrifaríka máli. Utan þinghússins hafði safnast saman múgur og margmenni. Fólk með ólíkar skoðanir og það urðu gríðarlega hörð átök stórra fylkinga almennra borgara sem höfðu safnast saman á Austurvelli, utan við alþingishúsið. Ljóst er að þau átök settu mark sitt á umræðuna innan þingsalarins.

Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu varð strax mikið deilumál á Íslandi. Þar var að mörgu leyti tekist á um ákveðna hugmyndafræði sem ríkja átti á Íslandi. Afstaða Íslands til bandalagsins varð eitt umdeildasta mál á síðari hluta 20. aldar og hefur sett mikinn svip á stjórn mála hér á landi allt til dagsins í dag.

Heimildaskrá

Alþingistíðindi 1949, 68. löggjafarþing D. Umræður.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 6. janúar 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 12. janúar 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 15. janúar 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 19. janúar 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 21. janúar 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 22. janúar 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 27. janúar 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 29. janúar 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 2. febrúar 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 8. febrúar 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 11. febrúar 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 12. febrúar 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 15. febrúar 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 17. febrúar 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 19. febrúar 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 22. febrúar 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 24. febrúar 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 26. febrúar 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 2. mars 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 11. mars 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 13. mars 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 15. mars 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 16. mars 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 17. mars 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 24. mars 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 27. mars 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 29. mars 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 30. mars 1949.

Alþýðublaðið, „Leiðari,“ 31. mars 1949.

Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson. *30. marz 1949. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur, 1976.*

Helgi Skúli Kjartansson. *Ísland á 20. öld.* Reykjavík: Sögufélag, 2003.

Ingólfur Margeirsson, „Stefán Jóhann Stefánsson.“ *Forsætisráðherrar Íslands: Ráðherrar Íslands og forsætisráðherrar í 100 ár*, ritstýrt af Ólafi Teiti Guðnasyni, 243-260. Akureyri: Bókaútgáfan Hólar, 2004.

Johnson, Paul. *A History of the Modern World, from 1917 to the 1980s.* London: George Weidenfeld & Nicolson Ltd, 1983.

Matthías Johannessen. *Ólafur Thors, ævi og störf.* Bindi II. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1981.

McMahon, Robert J. *The Cold War, A Very Short Introduction.* New York: Oxford University Press, 2003.

Morgunblaðið, „Leiðari,“ 5. janúar 1949.

Morgunblaðið, „Leiðari,“ 7. janúar 1949.

Morgunblaðið, „Leiðari,“ 1. febrúar 1949.

Morgunblaðið, „Leiðari,“ 3. febrúar 1949.

Morgunblaðið, „Leiðari,“ 19. febrúar 1949.

Morgunblaðið, „Leiðari,“ 22. febrúar 1949.

Morgunblaðið, „Leiðari,” 2. mars 1949.

Morgunblaðið, „Leiðari,” 12. mars 1949.

Morgunblaðið, „Leiðari,” 13. mars 1949.

Morgunblaðið, „Leiðari,” 19. mars 1949.

Morgunblaðið, „Leiðari,” 23. mars 1949.

Morgunblaðið, „Leiðari,” 24. mars 1949.

Morgunblaðið, „Leiðari,” 26. mars 1949.

Morgunblaðið, „Leiðari,” 27. mars 1949.

Morgunblaðið, „Leiðari,” 29. mars 1949.

Morgunblaðið, „Leiðari,” 30. mars 1949.

Morgunblaðið, „Leiðari,” 31. mars 1949.

Nato information service. *The North Atlantic Treaty Organisation*. Brussel: NATO, 1984.

Public Diplomacy Division, NATO. *Nato Handbook*. Brussel: NATO, 2006.

Roberts, J. M. *History of Europe*. Bretland: Penguin, 1996.

Tíminn, „Leiðari,” 23. febrúar 1949.

Tíminn, „Leiðari,” 15. mars 1949.

Tíminn, „Leiðari,” 16. mars 1949.

Tíminn, „Leiðari,” 26. mars 1949.

Tíminn, „Leiðari,” 30. mars 1949.

Tíminn, „Leiðari,” 31. mars 1949.

Valur Ingimundarson. *Í eldlínu kalda stríðsins, samskipti Íslands og Bandaríkjanna 1945-1960*. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1996.

Vísir, „Leiðari,” 14. janúar 1949.

Vísir, „Leiðari,” 19. janúar 1949.

Vísir, „Leiðari,“ 22. janúar 1949.

Vísir, „Leiðari,“ 1. febrúar 1949.

Vísir, „Leiðari,“ 7. febrúar 1949.

Vísir, „Leiðari,“ 9. febrúar 1949.

Vísir, „Leiðari,“ 17. febrúar 1949.

Vísir, „Leiðari,“ 11. mars 1949.

Vísir, „Leiðari,“ 14. mars 1949.

Vísir, „Leiðari,“ 25. mars 1949.

Vísir, „Leiðari,“ 29. mars 1949.

Vísir, „Leiðari,“ 30. mars 1949.

Vísir, „Leiðari,“ 31. mars 1949.

Þjóðviljinn, „Leiðari,“ 4. janúar 1949.

Þjóðviljinn, „Leiðari,“ 7. janúar 1949.

Þjóðviljinn, „Leiðari,“ 9. janúar 1949.

Þjóðviljinn, „Leiðari,“ 20. janúar 1949.

Þjóðviljinn, „Leiðari,“ 5. febrúar 1949.

Þjóðviljinn, „Leiðari,“ 16. febrúar 1949.

Þjóðviljinn, „Leiðari,“ 17. febrúar 1949.

Þjóðviljinn, „Leiðari,“ 1. mars 1949.

Þjóðviljinn, „Leiðari,“ 2. mars 1949.

Þjóðviljinn, „Leiðari,“ 10. mars 1949.

Þjóðviljinn, „Leiðari,“ 11. mars 1949.

Þjóðviljinn, „Leiðari,“ 16. mars 1949.

Pjóðviljinn, „Leiðari,“ 20. mars 1949.

Pjóðviljinn, „Leiðari,“ 22. mars 1949.

Pjóðviljinn, „Leiðari,“ 24. mars 1949.

Pjóðviljinn, „Leiðari,“ 27. mars 1949.

Pjóðviljinn, „Leiðari,“ 29. mars 1949.

Pjóðviljinn, „Leiðari,“ 30. mars 1949.

Pjóðviljinn, „Leiðari,“ 31. mars 1949.